

Fornleifaskráning í Eyjafirði X.

Fornleifar í landi Akureyrar norðan Glerár

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnardóttir

**Minjasafnið á Akureyri
Fornleifastofnun Íslands**

FS051-95027

Akureyri 1998

© Fornleifastofnun Íslands 1998.

Þessi skýrsla er fjölrítuð í fáum eintökum, sem drög að fornleifaskrá svæðisins, en nýjar og leiðréttar upplýsingar eru færðar jafnóðum á ÍSLEIFU, gagnagrunn um íslenskar fornleifar á Fornleifastofnun Íslands.

Efnisyfirlit

1. KAFLI. INNGANGUR	4
2. KAFLI YFIRLIT UM SÖGU BYGGÐAR Á SKRÁNINGARSVÆÐINU	6
3 KAFLI. FORNLEIFASKRÁ	12
Ey-240 Mýrarlón	15
Ey-288 Hrappstaðir	18
Ey-289 Kífsá	21
Ey-290 Hesjuvellir	24
Ey-291 Lögmanshlíð	26
Ey-292 Rangárvellir	36
Ey-293 Kollugerði	37
Ey-294 Bandagerði	39
Ey-295 Tittlingur	49
Ey-296 Glerá (Neðri-Glerá)	50
Ey-297 Glerá (Efri-Glerá)	52
4 KAFLI. VERNDUN OG KYNNING FORNLEIFA	55
5. KAFLI. HEIMILDASKRÁ	58

Skrá yfir kort

1. KORT. SKRÁÐAR JARÐIR SUMARIÐ 1998	15
2. KORT. MÝRARLÓN	16
3. KORT. HRAPPSTAÐIR	19
4. KORT. KÍFSÁ	21
5. KORT. HESJUVELLIR	24
6. KORT. LÖGMANNSHLÍÐ	28
7. KORT. RANGÁRVELLIR	36
8. KORT. KOLLUGERÐI	38
9. KORT. BANDAGERÐI OG SKRÁÐ BÝLI Í GLERÁRÞORPI	41
10. KORT. GLERÁ OG TITTLINGUR	51
11. KORT. FORNLEIFAR Í GLERÁRDAL	54

1. kafli. Inngangur

Fornleifaskráning í landi Akureyrar hófst sumarið 1995. Þá var gerð úttekt á heimildum um fornleifar í kaupstaðarlandinu og gerð áætlun um heildarfornleifaskráningu.¹ Sama ár var gerð fyrsta deiliskráningin á Akureyri og var það í landi Nausta.² Með hliðsjón af ofanefndri greinargerð um framkvæmd skráningar ákvað bæjarstjórn Akureyrar að ráðast í fornleifaskráningu innan bæjarmarkanna og var fyrsti áfangi verksins unninn sumarið 1996. Svæðið sem þá var skráð náði yfir jarðirnar Kjarna, Hamra og Naust (fyrir utan kaupstaðarlóðina gömlu) syðst í bæjarlandinu.³ Auk þess var gerð deiliskráning í Syðra- og Ytra-Krossanesi nyrst í landi Akureyrarbæjar.⁴ Sumarið 1997 var ráðist í annan áfanga aðalskráningar sem er svæðið norðan Naustalands og sunnan Glerár, þ.e. Stóra-Eyraland ásamt hjáleigunum Barði og Hamarskoti, auk Kotár. Auk aðalskráningar var gerð þriðja deiliskráningin, að þessu sinni á Sólborgarsvæðinu nyrst í landi Kotár og norðurbakka Glerár. Ennfremur var í þessum áfanga gerð úttekt á þeim húsaleifum á gömlu kaupstaðarlóðinni, Oddeyri og í Glerárþorpi sem teljast til fornleifa.⁵ Samhliða öðrum áfanga aðalskráningar og þeirri deiliskráningu sem framkvæmd var 1997 var unnið að stefnumörkun í friðun, rannsóknum og kynningu á fornleifum á Akureyri og hefur verið gerð um það sérstök skýrsla.⁶

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar í landi Mýrarlóns, Kífsár, Hrappsstaða, Hesjuvalla, Lögmannshlíðar, Kollugerðis, Rangárvalla, Bandagerðis, Tittlings og Glerár sem var þriðji og síðasti áfangi skráningarinnar.

¹ Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson (1995): *Fornleifaskráning á Akureyri. Greinargerð um stefnu, aðferðir og framkvæmd*, Minjasafnið á Akureyri - Fornleifastofnun Íslands, FS010-95081, Akureyri.

² Birna Gunnarsdóttir (1995): *Fornleifaskráning í Eyjafirði IV: Deiliskráning Naustahverfis*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, FS004-95021, Akureyri.

³ Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1996): *Fornleifaskráning í Eyjafirði VI: Fornleifar í landi Nausta, Hamra og Kjarna*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, FS010-95023, Akureyri

⁴ Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1996): *Fornleifaskráning í Eyjafirði VII: Deiliskráning í Krossaneshaga*, Minjasafnið á Akureyri & Fornleifastofnun Íslands, FS017 - 95024, Akureyri

⁵ Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1997): *Fornleifaskráning í Eyjafirði VIII. Fornleifaskráning í landi Stóra-Eyralands og Kotár*, Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands FS034-95025, Akureyri

⁶ Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1997): *Fornleifar á Akureyri. Stefna um friðun, rannsóknir og kynningu*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, FS035-95026, Akureyri

Ekki kom fram ósk um deiliskráningu á þessu stigi skráningarinnar enda hafa nú allir minjastaðir í landi Akureyrarkaupstaðar verið skráðir á vettvangi.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar sumarið 1998 á sambærilegan hátt og í fyrri skýrslum. Í síðasta hluta verkefnisins sem gerður verður 1999 verður gerð heildarskýrsla um fornleifar á Akureyri með vönduðum kortum og uppdráttum.

Þessi skýrsla hefst með stuttu yfirliti yfir sögu byggðar á svæðinu (2. kafli) en þar á eftir er birt skrá um minjastaði á skráningarsvæðinu (3. kafli). Í skránni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum. Hver jörð fær sérstakan kafla þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðarinnar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum sem hafa eða hafa haft áhrif á varðveislu minja. Þar næst kemur skrá með ítarlegri umfjöllun um hvern minjastað með teikningum þar sem við á. Einnig eru birt minjakort sem sýna minjastaði, örnefni og aðrar upplýsingar sem tengjast fornleifum og horfnum búskaparháttum. Í 4. kafla er fjallað um ástand og menningarsögulegt gildi minjastaða á skráningarsvæðinu og gerðar tillögur um kynningu og verndunaraðgerðir.

Fornleifaskráning á Akureyri er unnin af Fornleifastofnun Íslands og er það liður í samstarfi FSÍ og Minjasafnsins um fornleifaskráningu í Eyjafirði. Skráningin var unnin af Sædís Gunnarsdóttur sem ásamt Orra Vésteinssyni ritar þessa skýrslu. Sumarið 1995 gerði Birna Gunnarsdóttir heimildakönnun um fornleifar í landi Akureyrarbæjar og liggur það verk til grundvallar skráningunni 1998. Minjasafnið á Akureyri veitti starfsaðstöðu og margháttaða aðstoð og kunna höfundur Guðrúnu Kristinsdóttur forstöðumanni og Herði Geirssyni og samstarfsfólki þeirra bestu þakkir fyrir gott samstarf. Starfsmenn Amtsbókasafns og Héraðsskjalasafns á Akureyri voru afar hjálplegir við að útvega ýmis gögn og bækur og eru þeim færðar bestu þakkir. Þá veittu stofnanir og embætti bæjarins margskonar aðstoð og má þar sérstaklega nefna Skipulagsdeild bæjarins og lóðaskrárritara. Síðast en ekki síst vilja höfundar þakka heimildamönnum fyrir ómetanlega hjálp.

2. kafli Yfirlit um sögu byggðar á skráningarsvæðinu

Saga byggðar í þeim syðsta hluta Glæsibæjarhrepps hins forna og Kræklingahlíðar sem nú tilheyrir Akureyrarkaupstað er fyrst og fremst saga Lögmannshlíðar og hjáleiga og afbýla hennar. Glerá er raunar fornt lögbyli en hefur snemma komist í skugga Lögmannshlíðar en þar fyrir utan voru Krossanesin allstórar sjálfstæðar bújarðir og verða þær teknar með í þessu yfirliti þó að þær hafi verið skráðar sumarið 1995 og fornleifaskrá þeirra birt í skýrslu það ár.

Samkvæmt Landnámabók gaf Helgi magri þeim bræðrum Ásmundi og Ásgrími Öndóttssonum kráku alla Kræklingahlíð og bjuggu þeir á Glerá, Ásmundur á Glerá hinni syðri og Ásgrímur á hinni nyrðri.⁷ Sama sögn er tekin upp í Grettissögu, auðsæilega eftir Sturlubók Landnámabókar.⁸ Í Hauksbók Landnámabókar er þeirri skýringu bætt við að Kræklingahlíð taki nafn eftir viðurnefni föður þeirra bræðra, Öndóttar kráku. Samkvæmt þessu hafa menn á seinni hluta 13. aldar, er þessar sögur voru skráðar, talið að Glerá hafi verið fyrsta bújörðin í allri Kræklingahlíð og aðrar jarðir þar eiga þá væntanlega að hafa byggst út frá henni. Það gæti hugsanlega stutt þessa túlkun að í lausum miða með jarðabók Árna og Páls frá 1712 er greint frá því að munnmæli séu að allir bæir í Lögmannshlíðarkirkjusókn – en það er hálf Kræklingahlíð sunnan við Brennihól – eigi skylduupprekstur fyrir geldfé og lömb á Glerárdal sem talinn er Lögmannshlíðarland með því skilyrði að sóknarmenn haldi þar við vörslugarði. Þetta var hinsvegar fallið úr gildi í byrjun 18. aldar og borguðu þeir sem ráku fé á dalinn lambatoll eiganda Lögmannshlíðar.⁹ Þessi munnmæli fá stuðning af sölubréfi Krossanes frá 1399 en þar kemur fram að Krossanes eigi “ollu gelldfe rekstr oc lombum j glerardal. eiga þeir at hallda garde med odrum bygdarmonnum þeim sem þagat eiga rekstr.”¹⁰ Hugsast getur að þessi réttindi hafi verið arfleifð frá þeim tíma er býlin syðst í Kræklingahlíð töldust öll til sömu landareignar undir sveitarhöfðingja á Glerá. Glerá hefur þó ekki lengi haldið stöðu sinni því undir lok

⁷ ÍF I, 264, 265 nm, 267.

⁸ Grettis saga 8. kap (ÍS V, 15) sbr. ÍF I, 264.

⁹ JÁM X, 198 nm.

¹⁰ DI III, 620-21.

13. aldar er Hlíð, sem seinna var farið að kalla Lögmannshlíð, orðin aðaljörðin, aðsetur ríkismanna og kirkjustaður sveitarinnar. Á seinni öldum taldist Lögmannshlíð 100 hundraða jörð en Glerárbylin tvö til samans 40 hundruð, sem að vísu sýnir að Glerá hefur verið talin bújörð í betra lagi en komst þó ekki í hálfkvisti við Lögmannshlíð.

Það er athyglisvert að á Glerá skuli hafa verið tvíbyli frá upphafi¹¹ og nálægðin við Lögmannshlíð gæti bent til að þarna hafi myndast á landnámsöld lítill byggðakjarni með nokkrum býlum sem stóðu þétt saman en nytjuðu stærra svæði í kring. Það virðist hafa verið algengt að sóknarkirkjur hafi risið nokkurn spöl í burtu frá landnámsbýlum og að þau síðarnefndu hafi síðan fallið í skuggan af kirkjújörðunum. Dæmi um þetta eru Reykholt í Borgarfirði skammt frá landnámsjörðinni Breiðabólstað og Hrafnagil í Eyjafirði skammt frá landnámsjörðinni Kristnesi. Það má hugsa sér að kirkjur hafi upphaflega verið reistar allfjarri bæjum en að þegar mikilvægi þeirra jókst hafi þungamiðja byggðarinnar færst þangað. Hafi það verið innan sömu landareignar þá er skiljanlegt að upphaflegu bæjarstæðin hafa getað orðið kotjarðir í samanburði. Þannig má vera að byggð hafi fyrst hafist á Glerá og að þar hafi sveitarhöfðingjar búið. Þeir hafi síðan reist sér kirkju utan túns, en að eftir að kirkjan varð miðstöð samkomuhalds þá hafi farið að borga sig fyrir höfðingjann að búa þar og hafi hann þá gert sér nýjan bæ þar og lagt undir hann megnið af landgæðum þeim sem hann hafði yfirráð yfir en Glerárbærinn hafi orðið hjábyli með takmarkaðri landgæði en áður.

Glerá, þá jafnan kölluð Á, var á 15. öld eign afkomenda Lofts ríka Guttormssonar, Eiríks sonar hans og síðan Sumarliða sonar Eiríks.¹² Loftur og Eiríkur áttu líka Lögmannshlíð¹³ og virðist sem jarðirnar hafi þá lengi verið í eign sömu manna. Skömmu eftir 1500 náði Finnbogi Jónsson Lögmannshlíð af Eiríki Sumarliðasyni en Eiríkur hafði reynt að verja sig með því að afhenda Gottskálf

¹¹ Þ.e. ef gert er ráð fyrir að Glerá syðri og Glerá nyrðri séu sömu býli og á seinni öldum hafa kallast Glerá neðri og Glerá efri. Sú kenning hefur að vísu verið sett fram að Glerá syðri hafi staðið sunnan við ána og sé sama jörð og á seinni öldum hefur kallast Kotá og getur það vel verið rétt – SS 1993, 88, 147-49 sbr.

Fornleifaskráning í Eyjafirði VIII, s. 8-9.

¹² DI VI, 569-72.

¹³ DI IV, 519; DI XI, 55.

biskupi jarðeignir sínar en biskup virðist hafa svikið hann og lét Finnþoga eftir Lögmannshlíð¹⁴ en virðist hafa haldið Glerá eftir fyrir Hólastól því jörðin er talin meðal Hólakirkjujarða í eignaskrá stólsins frá 1525.¹⁵ Glerá var hinsvegar ekki lengi í eigu Hólabiskupa því Jón Arason lét hana í burtu,¹⁶ og var eftir það nokkur óvissa um eignarhald á jörðinni enda eimdi lengi eftir af því vafasama jarðabranski sem biskuparnir Gottskálk og Jón áttu í. Árið 1618 klagði Guðbrandur biskup á alþingi að Glerá væri óréttilega undan Hólakirkju gengin og lýsir því að hann taki jörðina að sér Hóladómkirkju vegna. Inn í þetta mál blandaðist að eigendur Lögmannshlíðarkirkju virðast ekki hafa greitt kirkjunni þar þá tíund sem henni bar og hafði dómur gegnið um það mál við Vallalaug 1613.¹⁷ Málinu var ekki lokið með þessu og 1622 er réttað um það á Einarstöðum í Reykjadal. Þar sýndi Jón Sigurðsson, eigandi Lögmannshlíðar og Lögmannshlíðarkirkju, framburð Guðbrands biskups svo hljóðandi að Jón Arason hefði gildið jörðina Á Hlíðarkirkju fyrir fornan kirkjureikning og vitnar í skjal frá Guðbrandi: “Nú hafa arfar biskups Jóns tekið þær báðar jarðir, Á og Keppsá frá Hlíðarkirkju, skipt með sér sem öðru arfagózi, en Hlíðarkirkja hefur ekki þar.” Þá var lesið upp bréf Jóns bónda Björnssonar frá 1607 þar sem hann bar að Jón Arason hefði gildið Hlíðarkirkju Á fyrir kirkjureikning. Enn fleiri vitnisburðir komu fram, m.a. um að Glerá hefði átölulaust legið undir Lögmannshlíðarkirkju í 50 ár eða lengur. Að þessu sinni var Jóni Sigurðssyni dæmt að halda þriðjung Glerár undir Lögmannshlíðarkirkju og var þar með hnekktt dómi frá fyrra ári þar sem ábúanda Glerár hafði verið dæmdur jarðarhlutinn.¹⁸ Tveimur árum síðar, eða 1624, var Jóni Sigurðssyni síðan dæmt að halda hina tvo þriðjunga Glerár undir Lögmannshlíðarkirkju og hélst það upp frá því.¹⁹ Af þeim gögnum sem til eru um þetta mál virðast sem báðir aðilar hafi haft rétt fyrir sér að nokkru leyti: Jón Arason kom Lögmannshlíð undir erfingja sína og hefur Glerá fylgt með, mögulega undir því yfirskyni að hún kæmi upp í skuld við Hlíðarkirkju. Engin skjöl eru þó til um

¹⁴ DI XI, 60-61.

¹⁵ DI IX, 301.

¹⁶ DI XI, 873, sbr. DI XII, 460.

¹⁷ AÍ IV, 370.

¹⁸ AÍ V, 82.

¹⁹ Jarðabréf, 221, sbr. 222.

Þetta og má vera að þetta hafi aðeins verið túlkun seinni tíma manna. Guðbrandur biskup virðist í fyrstu hafa reynt að ná Glerá aftur undir Hólakirkju, sennilega af því að afsal Jóns á jörðinni hafi verið óheimilt á sínum tíma, en síðar hefur hann fallist á að Glerá væri kirkjujörð Lögmannshlíðarkirkju en að erfingjar Jóns Arasonar og páverandi eigendur Lögmannshlíðar væru stórskuldugir við kirkjuna þar. Svo virðist sem Jón Sigurðsson í Lögmannshlíð hafi verið sigursæll í þessari deilu þó að hann þyrfti að viðurkenna að bæði Keppsá og Glerá væru kirkjujarðir. Það hefur ekki verið honum svo óhagstætt því sem eigandi kirkjunnar réð hann byggingu og leigum kirkjujarðanna. 1712 voru tveir bæir í sama túni á Glerá en ekki hefur verið búið á Neðri-Glerá síðan á 19. öld. Glerá hefur ekki haft sérstök landamerki á síðari öldum og hefur Glerárdalur framan við Heimara Illagil verið talinn sameiginlegt beitiland Lögmannshlíðar og Glerár.

Jarðanna Hesjuvalla og Kífsár er fyrst getið í Auðunarmáldögum frá 1318. Hesjuvellir voru þá Lögmannshlíðarkirkjujörð en Hrafnagilskirkja átti Kífsá. Svo hélst fram yfir siðaskipti²⁰ en á 17. öld er Kífsá komin undir Lögmannshlíðarkirkju en Hesjuvellir eru taldir hjáleiga frá Lögmannshlíð og undir bændahluta jarðarinnar. Svo virðist sem Jón Sigurðsson bóndi í Lögmannshlíð hafi haft ýmis úrræði með að treysta yferráð sín yfir smájörðunum í kring um Lögmannshlíð, því fyrir utan að láta dæma kirkju sinni Glerá 1624 fékk hann dómsúrskurð 1630 um að Kífsá væri einnig eign kirkjunnar²¹ en 1660 telur sonur hans, Vígfús, Jóni syni sínum í kaupmála Lögmannshlíð með hjáleigunni Hesjuvöllum.²² Hesjuvellir eru nú ekki lengur talin kirkjujörð heldur rétt og slétt hjáleiga en Kífsá hafði einhvernveginn lent frá Hrafnagilskirkju og var ásamt Glerá orðin eign Lögmannshlíðarkirkju. Lögmannshlíðarkirkja var bændakirkja sem þýðir að allar þessar jarðir voru undir yferráðum bónda þess sem átti Lögmannshlíð.

Lögmannshlíðar er getið í Ljósvetninga sögu, og er þá kölluð Hlíð og svo var ávallt fram á fyrri hluta 15. aldar er Lögmannshlíðarnafnið festist og mun það vera kennt við lögmenningu og feðgana Guðmund Sigurðsson (1302-18, 1321-40) og Sigurð Guðmundsson (1358-80), sem áttu Lögmannshlíð og bjuggu þar. Hlíð var síðar

²⁰ DI II, 453 sbr. DI III, 522, 560; DI IV, 378; DI VIII, 215; DI IX, 332; DI XIII, 324.

²¹ Jarðabréf, 221 sbr. AÍ V, 82.

meðal eigna Lofts Guttormssonar, eins og áður var vikið að, og eitt af höfuðbólum hans.²³ Erfingjar hans áttu síðan jörðina út alla 15. öld, fyrst Eiríkur Loftsson, þá Sumarliði Eiríksson og síðast Eiríkur Sumarliðason en hann fékk jörðina Gottskálf biskup sem fékk hana Finnboga Jónssyni lögmanni, sem var einn helsti valdsmaður á Norðurlandi á fyrri hluta 16. aldar.²⁴ 1528 eignaðist Jón Arason biskup Lögmannshlíð en Þórunn dóttir hans hafði þá átt hana áður en fljótlega eftir það er farið að skipta jörðinni og eignaðist presturinn í Lögmannshlíð 1/6 hluta jarðarinnar 1551 en Helga dóttir Jóns Arasonar gaf Önnu dóttir sinni 7/10 hluta árið 1558.²⁵ Jörðin virðist hafa haldið áfram að kvarnast niður í minni og minni eignarhluta sem þó fylgdu afkomendum Helgu Jónsdóttur og 7.12.1620 segir Guðbrandur Þorláksson biskup í bréfi: "Sú jörð, Lögmannshlíð, fer nú sölum og skiptum, svo Jón Sigurðsson skal nú vera eigandi að 30 hndr. Bæjarhræ má sú jörð heita, niðurnídd og hrugin í grunn."²⁶ Jón náði hinsvegar nær allri jörðinni undir sig árið eftir því þá keypti hann 66,6 hundruð í jörðinni og hefur þá átt amk 96,66 % jarðarinnar.²⁷ Afkomendur Jóns sátu síðan jörðina fram á 18. öld og hélst hún lengi í stórbýlatölu. 1712 fást fyrst ítarlegar upplýsingar um byggð í Lögmannshlíðartorfunni. Þar eru Hesjuvellir taldir fimmtungur jarðarinnar, en Titlingur og Kollugerði einn tíundi hvort býlið um sig og er sagt um bæði að þau séu byggð fyrir manna minni, Titlingur í túninu en Kollugerði í úthögum. Af þessu má ráða að byggð hafi hafist á þessum stöðum ekki síðar en á seinni hluta 16. aldar. Þá er síðast talið býlið Rangárvellir en til þess hafði verið stofnað um 1670 á landi sem hafði legið undir Kollugerði. Þá er í jarðabókinni getið um fornt eyðiból, Bandagerði, og að þar hafi fátækur maður hafst við í tæpt ár um 1680 en að það hafi síðan lagst í eyði á ný.²⁸

Norðan við Kífsá er jörðin Hrafnstaðir eða Hrappsstaðir. Hún hefur ávallt verið bændaeygn. Jarðarinnar er fyrst getið 1417 en þá afhenti dóttir Lofts Guttormssonar ríka hana einum erfingja sínum og mætti af því draga þá ályktun að Hrafnstaðir hafi

²² Jarðabréf, 222-223.

²³ DI IV, 406, 519.

²⁴ DI VIII, 236; DI XI, 55, 60-61.

²⁵ DI IX, 448-450, 604; DI XII, 261 sbr. 670; DI XIII, 324.

²⁶ Jarðabréf, 217.

²⁷ Jarðabréf, 217.

²⁸ JÁM X, 198-199 sbr. ÓÓ II, 40 þar sem Brandagerði er talið eyðibýli sem farið hafi í eyði 1707 og sé byggilegt á ný.

verið hluti af samhangandi búgarði sem samanstóð af Lögmanshlíð og nokkrum hjábýlum en Loftur og erfingjar hans áttu einnig fleiri jarðir í kring, þ.á.m. Ásláksstaði, Bitru og Krossanes og gæti það eins bent til að fjölskyldan hafi verið að safna jörðum á þessu svæði.

Það á þó við um allar jarðirnar suður frá Lögmanshlíð og að Samtúni að þær eiga ekki land að sjó heldur eiga Hesjuvellir, Kífsá og Hrafnstaðir aðeins niður að Lóninu, en Ásláksstaðir, Bitra og Hraukbær eiga niður á móts við Ytra-Krossanes sem átti einnig land upp í fjallshlíðina milli Hraukbæjar og Samtúns. Það er augljóst að þessar jarðir hljóta að vera síðar tilkomnar en bæði Lögmanshlíð og Ytra-Krossanes en þessar tvær jarðir sátu að mestum og fjölbreyttustum landgæðum í sókninni. Af afstöðu landareignanna má ætla að Hraukbær, Bitra, Ásláksstaðir, Mýrarlón og sennilega Hrafnstaðir hafi byggst úr frá Krossanesi. Á móti þessu má segja að þar sem nálega allar þessar jarðir voru um skeið eign sömu manna þá sé ekki óhugsandi að landamerki hafi verið færð til og eru raunar þekkt dæmi um það því 1475 var Syðra Krossanes afhent fyrir utan það land sem jörðin hafði átt sunnan Glerár og skyldu merki milli Syðra-Krossanes þar eftir vera “sem þá fiell Glera. en hún fiell þá út med melunum og so út í sió.” Í staðinn fékk Syðra Krossanes lækjarupptöku til áveitu í Mýrarlónslandi.²⁹ Af þessu má ráða að Lögmanshlíð hafi upphaflega ekki átt land að sjó heldur hafi Krossanes átt Sandgerðisbót og hefur það þá verið þeim mun meiri jörð.

Krossaness er fyrst getið um 1150 en þá bjó þar Þorgeir Hallason sem var höfðingi og goðorðsmaður af ætt Ljósvetninga, afi Guðmundar Arasonar biskups.³⁰ Þorgeir var einn af helstu höfðingjum í Eyjafirði um miðja 12. öld og bendir það til að Krossanes hafi þá verið meðal helstu stórbýla í héraðinu. Eins og Glerá hefur Krossanes hinsvegar horfið í skuggann af Lögmanshlíð á 13. öld og undir lok 14. aldar hafði jörðin skipst í tvennt, Syðra- og Ytra-Krossanes sem báðar voru í eign Lofts ríka og afkomenda hans.³¹ Mýrarlóns er fyrst getið 1461 og er þá seld með Krossanesi³² en allar jarðirnar komust síðan undir Gottskálf Hólabiskup eins og aðrar eignir

²⁹ DI VIII, 62.

³⁰ Sturl, 54.

³¹ DI III, 620-21; DI VI, 569-72; DI VII, 148 sbr þó DI VIII, 58-59 og DI VIII, 62, DI XII, 55 og virðast fleiri hafa gert tilkall til jarðanna á 15. öld.

Sumarliðasona.³³ Gottskálk seldi Krossanesin bæði Finnboga Jónssyni um svipað leyti og hann lét honum eftir Lögmannshlíð³⁴ en Mýrarlón var áfram í eigu Hólastóls þar til Jón Arason seldi hana.³⁵ 1687 komst Mýrarlón síðan á sömu hendi og Lögmannshlíð.³⁶ Krossanesin komust hinsvegar fljótlega undir Hólastól aftur í tíð Jóns Arasonar en hann seldi þó Syðra-Krossanes³⁷ og var sú jörð upp frá því bændaeign. Ytra Krossanes var hinsvegar áfram stólsjörð og 1553 staðfesti Kristján III veitingu Krossaness með tveggja hundraða landskuld og 5 leigukúgildum til upphalds skólameistara á Hólum.³⁸ Ytra-Krossanes var uppfrá því meðal skólameistarajarða Hólakirkju fram undir lok 18. aldar.

Þó að Bandagerði hafi verið í eyði um 1700 þá átti sú jörð eftir að verða helsti vettvangur byggðapróunar í Lögmannshlíðartorfu. Byggð hófst þar á ný fyrir 1799 og þar var samfelld byggð frá 1816. Þorsteinn Danielsson hafði eignast Lögmannshlíð ásamt Bandagerði fyrir 1850 en 1897 kaupir Jón Jónsson Bandagerði og varð það þá sjálfstæð jörð. Árið 1880 byggðust fyrstu þurrabúðarbýlin í Bandagerðislandi, Glerárholt og Melgerði en 1888 var byggt í Sandgerðisbót. Á árabílinu 1897 til 1910 voru byggð 14 býli í landi Bandagerðis og bjuggu um 150 íbúar á 20 býlum í Glerárþorpi sem byggðist að mestu úr Bandagerðislandi. Á árunum 1910 til 1930 bættust við um 40 býli og töldust býlin vera 47 árið 1930. Búskap var hætt í Bandagerði sjálfu 1954 og er nú mestallt landið komið undir íbúðabyggð.

3 kafli. Fornleifaskrá

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar skráðar sumarið 1998. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847

³² DI VIII, 58-59.

³³ DI VII, 148; DI VIII, 728.

³⁴ DI VII, 525.

³⁵ DI IX, 301; DI XI, 873, sbr. DI XII, 460.

³⁶ Jarðabréf, 243-44.


³⁷ DI XI, 873, sbr. DI XII, 460.

³⁸ DI XII, 527.

og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: Ey-291:001). Í skránni er gefið yfirlit yfir skiptingu jarðarinnar, sléttun túna og listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um að þar hafi verið eða er þar enn að finna. Á eftir númeri fornleifar kemur heiti hennar og hnattstaða í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu var gerð með staðsetningartækjum og mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er um 25 metrar að meðaltali. Þar sem getur um “heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik. Þá fylgir leiðarvísir að fornleifastaðnum, mat á þeirri hættu sem fornleifar kunna að vera í og tilvísanir í heimildir um minjastaðinn ef einhverjar eru. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) mikil hætta. Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Mikið starf hefur verið unnið við söfnun örnefna í landi Akureyrarbæjar og vegur það nokkuð á móti skorti á heimildamönnum. Til er á Héraðsskjalasafninu á Akureyri handrit að örnefnaskrá bæjarins eftir Lárus Thorarensen og skrár eftir Tryggva Þorsteinsson og Steindór Steindórsson hafa einnig birst á prenti. Þá hefur Helgi Hallgrímsson aflað frekari heimilda um marga minjastaði og skoðað suma þeirra og gert grein fyrir athugunum sínum í óprentaðri Söguminjaskrá Eyjafjarðar. Komu allar þessar heimildir að miklu gagni við skráninguna. Texti heimilda um minjar er birtur hér sem orðréttar tilvitnanir og lýsingar á minjastöðum, ástandi þeirra og staðsetningu eru hafðar í fremur knöppu formi til að halda lengd skrárinnar innan hæfilegra marka.

Skráðar voru alls 126 minjar en aðeins eru tóftir sjáanlegar á 7 stöðum en á 3 stöðum til viðbótar eru greinilegar þústir sem sýna útlínur tóftanna nokkuð greinilega. Tvö hús sem enn standa eru á skráningarsvæðinu, en það eru hesthús í landi Hrappsstaða sem eru að hluta til úr torfi og grjóti. Miklar minjar eru að auki í kringum þau en það eru leifar af kampi Norðmanna sem eru mjög greinilegar. Skráðir voru 11 bæjarhólar, 5 fjárhús, 6 hesthús, 1 fjós, 4 stekkir, 4 sel, 4 beitarhús, 1 rétt og 19 útihús sem ekki er vitað hvaða hlutverki gengdu nákvæmlega. Alls voru skráð 118 mannvirki eða heimildir um mannvirki og munar


Þá mestu um býlin sem byggð voru í Glerárþorpinu uppúr aldamótum, en alls eru skráð 40 bústaðir þar. Aðrar fornleifar en mannvirki eru fá skráð en þá er helst 2 legstaðir, tvennar mógrafir og einnig var skráð rista á tveimur stöðum. Ekki var hægt að meta hættu á 12 minjastöðum en 32 staðir tölfust ekki í neinni hættu, 72 töldust í hættu og lang flestir þeirra vega nálægðar staðanna við mannabústaði en 10 staðir töldust í mikilli hættu og þar af 8 vegna malarnáms. Á 100 minjastaðann sást ekki til fornleifar en það er mjög hátt hlutfall því þó skráð býli séu í landi Akureyrar er aðeins íbúðarbyggð í landi tveggja þeirra nú.



1. kort. Skráðar jarðir sumarið 1998

Ey-240 Mýrarlón

20 hdr. 1712. Bændaeign. 7.12.1461 selur Stulli Magnússon Magnúsi Magnússyni Krossanes og Mýrarlón - DI VIII, 58-59. 7.11.1475 er Syðra krossanes selt og "lagde opt nefndur prestur Helge Magnússon til jardarinar i Krossanesi til æfinlegrar Eignar. lækiar upptoku i mýrarlóns jordu og leggja aungva peninga fyrir. en ádur átti ad leggja fyrir 12 álnir á hvoriu ári. skildu þeir ad frialsu meiga grafa jord og stinga sem þeir þyrftu til lækia upptokunar sem i Krossanese biggi. átti títt nefndur Helge prestur jordina mýrarlón þá hann giorde þenan giorning" - DI VIII,



62. 6.6.1520 telur Gottskálk bp Mýrarlón, 20 hdr, með 6 kúgildum, landskuld 1 hdr meðal þeirra jarða sem hann hefur "keypt fyrir fulla peninga" í bpstíð sinni og ánafnar stólnum - DI VIII, 728. 1525 er Mýrarlón meðal Hólakirkjujarða - DI IX, 301. 25.12.1550 er Mýrarlón, 20 hdr, meðal þeirra Hólakirkjujarða sem Jón Arason hafði burt lógað - DI XI, 873, sbr. 1552, DI XII, 460. 24.3.1687 selur Magnús Björnsson Jóni bróður sínum Mýrarlón fyrir 20 hdr, en Magnús hafði erft jörðina eftir foreldra sína Björn Pálsson og

2. kort. Mýrarlón

Ragnheiði Magnúsdóttur - Jarðabréf, 225. 21.5.1687 selur Jón Björnsson Jóni Vigfússyni í Lögmannshlíð Mýrarlón, 20 hdr. - Jarðabréf, 243-44. Í eyði frá 1981. Grænhóll, tæpir 2 ha nokkru f. aldamót og er enn í ábúð. “Útlínur Mýrarlónslands markast af Lóninu að vestan og norðan. Frá Guddumel, nálægt merkjum Kífsár og Hesjuvalla, er bein lína í suðurbrún á klöpp sem er rétt norðan við Síðuskóla og nokkurn spöl lengra til austurs að svonefndu Viðarholtsviki, rétt við gatnamót Bugðusíðu og Miðsíðu. Merkin milli Mýrarlóns og Krossaness liggja norður-suður nálægt verksmiðjuhúsi efnaverksmiðjunnar Sjafnar. Hluti Síðuhverfis er því í Mýrarlónslandi.” BE 1990, 684.

1712: “Enginu spillir lónið (þar er lítil á) með grjótsárburði til stórskaða, og mest á næstliðnum vetri. Úthagarnir eru mjög litlir, og þarf ábúandi að þiggja beit af nábúum fyrir óákveðinn góðvilja. Hætt er kvikfje fyrir lóninu, einkanlega vor og haust, og fornum torfgröfum í landinu.” JÁM X, 193.1918: 4.7 ha. 1/2 slétt. Garðar 202 m2.

Heimildamaður: Jón Víkingur Guðmundsson fæddur 29. maí 1924

Ey-240:001 *Mýrarlón* bæjarhóll bústaður 65°41.570N 18°09.757V
Bærinn “stendur upp við Lónið, skammt frá því það beygir í suður” . Það var steinhús með kjallara, byggt. 1941 en nú er búið að jafna við jörðu. Bæjarhóllinn er um 150 metra NA af steypu útihúsi sem stendur við vegarslóðann, og 25 metra austur af Lóninu í ósléttu beitalandi. Nokkuð er af grjóti og steypum kubbum á þessum stað og hefur steypa húsið frá 1941 sennilega staðið á hólnum, og þarafleiðandi skemmt eldri leifar að einhverju leyti. Staðsetning bæjarhólsins sést vel af túnakorti en sömu vegarslóðar og þar eru sýndir sjást enn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918; SS 1993; HH

Ey-240:002 heimild um útihús 65°41.594N 18°09.756V
Samkvæmt túnakorti var útihús 7 metra NV af bæjarhólnum 001, vestur af vegaslóðanum sem nú liggur að útihúsinu þar sem nú er þýfður hestamói og engin merki sjást um útihús.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

Ey-240:003 heimild um útihús 65°41.542N 18°09.812V
Samkvæmt túnakorti var útihús 150 metra SV af bæjarhólnum, 001. Þar eru nú steyp útihús, vegaslóði liggur upp að þeim.

Hættumat: engin hætta

Ey-240:004 þúst útihús 65°41.547N 18°09.746V
Samkvæmt túnakorti var útihús 65 metra suðaustur af 001, bæjarhólnum. Á þeim stað er fagurgrænn hóll í túninu, sem hefur sannfærandi útlit fyrir að vera rústahóll. Í túni sem nú er nýtt sem beitihagi.

Hættumat: ening hætta

Heimildir: Túnakort 1918

Ey-240:005 *Kvíhóll* örnefni kvíar 65°41.534N 18°09.810V
“Þar heitir Kvíhóll skammt SV af bænum” Sumarið 1998 er engan hól að sjá SV af bænum, nema þá utan marka Mýrarlóns hinu megin við Lónið. Suðvestur af bænum er aðeins mjó ræma milli vegarins og Lónsins og gæti hafa verið sléttað úr kvíunum ef þær hafa verið þar. Hnit tekin 200 metra SV af 001.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HH

Ey-240:006 *Lons* heimild um herminjar 65°41.993N 18°08.585V
“Neðan þjóðvegarins og sunnar voru aðrar herbúðir, Lons. Ummerkin eftir Lonsbúðirnar voru orðnar ógreinilegar 1954 en þó má enn greina braggastæðin ...” Braggarnir voru aldrei fleiri en 4 eða 5 að sögn Víkins á Grænhóli. Kampurinn var við aðalveginn út úr bænum, Hörgárbrautina, rétt þar sem nú liggur malarvegur til suðvesturs rétt suður af Grænhól. Grænir sléttaðir balar milli klappa. Að sögn Víkinga var mokað yfir leifarnar og sléttað yfir þær.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: JH: Hernámsárin ... , 45

Ey-240:007 *Grænhóll* heimild um bústað 65°41.951N 18°09.166V
Býlið Grænhóll var stofnað á tveimur ha. úr landi Mýrarlóns fyrir síðustu aldamót, og stóð torfbærinn rétt N af núverandi íbúðarhúsi (Grænhóls) þar sem nú er malarborið hlað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: BE 1990, 666-667

Ey-288 Hrappstaðir

20 hdr. 1712. Bændaeign. Einnig Rafnsstaðir og Hrafnstaðir. 1.7.1538 selur Þorsteinn Torfason Ara Jónssyni lögmanni Rafnsstaði fyrir 30 hdr - DI X, 367. 230.4.1549 selur Ari Jónsson Teiti Magnússyni Rafnsstaði - DI XI, 704. 7.5.1622 selur Guðrún Skúladóttir Þorláki bpi bróður sínum hálfu Hrafnstaði fyrir 10 hdr. - Jarðabréf, 221. 24.5.1633 greiðir Þorlákur Skúlason bp Guðrúnu systur sinni m.a. hálfu Hrafnstaði, 10 hdr, vegna skuldar, með samþykki konu sinnar Kristínar Gísladóttur - Jarðabréf, 221. Búskap lauk 1955. Getið 1417 en þá afhenti Ingibjörg Loptsdóttir Ingunni Árnadóttur erfingja sínum H. ásamt mörgum öðrum jörðum. “Hrappsstaðaá deilir löndum að sunnan milli jarða niður að brekkurótum, en þar sveigir áin til norðurs. Eftir það eru landamerki Hrappsstaða í stefnu til austus frá gilskjafi að Lóninu. Sunnan við ána nefnist Hrappsstaðagrund og Hrappsstaðanes neðar og endar það í mjóum tanga þar sem árin sameinast Lóninu rétt norðan við þar sem áður stóð bærinn Mýrarlón.” BE 1990, 685.

1712: “Enginu hefur að fornu spillt jarðfallsskriða úr fjallinu, sem nú er mikinn part grasi vaxinn til hagbeitar. Úthagarnir eru grösugir og litlir ut supra. Hætt er


kvikfé fyrir holugryfulækjum og afætudýjum.” JÁM X, 193.1918: 4.4 teigar. 1/3 slétt. Garðar 207 ferstíklur.

Heimildamaður: Jón Víkingur Guðmundsson 29. maí 1924

Ey-288:001

Hrappstaðir
bæjarhóll bústaður
65°41.436N
18°10.722V
Bæjarhóllinn er þar sem íbúðarhúsið stendur enn, um það bil 450-500 metra vestur af Lögmannshlíðarveginu m steipt hús á einni hæð með risi. Nokkuð hár og greinilegur náttúrulegur hóll í sléttu túninu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-288:002 heimild um útihús
65°41.483N
18°10.767V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 50 metra NNV af bæjarhólnum, 001, 42 metra V af 003. Það sést nú ekki lengur en hefur verið í sléttu túni.



3. kort. Hrappstaðir

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-288:003 heimild um útihús 65°41.497N 18°10.758V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús 75 metra NV af bæjarhólnum, 001, 42 metra A af 003. Það sést nú ekki lengur og hefur verið í sléttu túni.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-288:004 hesthús 65°41.436N 18°10.345V
“Á Hrappsstaðagrundinni eru uppstandandi torfhús sem eru notuð sem skjól fyrir hross.” Þessi hús er um 15 metra austur af Lögmannshlíðarveginum, um 260 m austur af 001, bæjarhólnum. Í kring um húsin er mikið moldarflag sem í vex arfi en fjær húsunum er mói. Húsið er 12x6m að utanmáli og er hleðsluhæð 1,2m en hæð alls hússins um 2,5 m. Húsin eru að stofni til úr tré og bárujárni en lítilsháttar er eftir af torfhleðslum á austurhlið og aðeins ofan á bárujárnsþakinu þeim megin. Ekki í notkun.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: BE 1990, 685

Ey-288:005 heimild um sel 65°41.325N 18°10.439V
“sel uppi í fjalli” [handskrifuð viðbót hjá HH]. Samkvæmt upplýsingum frá Víkingi á Grænhól voru tóftir við fjallgirðinguna sem gætu verið af seli. Sumarið 1998 var gengið meðfram allri fjallagirðingunni sem er um 1,5 km. Vestur frá bænum en engar tóftir sástu. Landið er mjög blásið og gætu tóftirnar verið horfnar.

Hættumat: hætta vegna rofs
Heimildir: HH

Ey-288:006 herminjar 65°41.304N 18°10.725V
“Neðan undir Hrappsstöðum og Ásláksstöðum dvöldu norsku hermennirnir löngum.” Austan við veginn má sjá leifar af kampi á loftmynd, þar sem vegurinn beigir til austurs og í gílinu upp með Hrappsstaðaánni eru leifar af 3-4 grunnum. Í sléttum vallendismóa.

Vestan við veginn í hrappsárgílinu er L laga garður um 25 metra langur. Austan við hann er steiptur grunnur fast við greinilegan vegar slóða. Austan við hann er þýft grýtt svæði um 30x20 m og eru þar ógreinilegar byggingarleifar. Austan við það er steiptur grunnur um 1 m hár og þótti Víkingi líklegt að hann hafi verið notaður til að geyma í vinnuvélar. Austan við veginn á Hrappsstaðagrundinni eru leifar af 15-20 grunnum af öllum gerðum, hlöðnum, steiptum og allt þar á milli. Einnig sjást leifar af ofnum, og enn fleiri minjar myndu koma í ljós ef svæðið væri slegið vel og hætt yrði að gróðursetja í grunnana. Milli byggingasvæðanna tveggja eru nokkrir grjóthólar, greinilega gerðir af mannahöndum og milli þeirra nokkurð djúpar gryfjur sem nú eru fullar af drasli sumar hverjar.


Hættumat: mikil hætta vegna ábúðar
Heimildir: JH: Hernámsárinn..., 45

Ey-288:007 hesthús 65°41.438N 18°10.400V
“Á Hrappsstaðagrundinni eru uppstandandi torfhús sem eru notuðu sem skjól fyrir hross.” Um 2 metra austur af Lögmannshlíðarveginum eru enn hús, um 260 m austur af 001, bæjarhólnum við hliðina á 004. Í kring um húsin er mikið moldarflag sem í vex arfi en fjær húsunum er mói. Húsið er 13x6 að utanmáli og er hleðsluhæð um 2 m, en húsið sjálft um 2,5 m hátt. Þessi hús eru eins og 004 að grunni til úr tré og bárujárni. Að austanverðu eru hleðslur upp á mitt þak um 2 metra háar, á N gafli eru einnig torfhleðslur og smáræði á suðurenda A-veggjar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: BE 1990, 685

Ey-289 Kífsá

10 hdr. 1712. Hrafnagilskirkjujörð en komst undir Lögmannshlíðarkirkju á 17. öld. Fyrst getið 1318 og þá orðin Hrafnagilskirkjueign, og var leiga þá 1 hdr. - DI II, 453 sbr. 1394 - DI III, 560; 1429 - DI IV, 378; 22.6.1508, leiga 1 hdr - DI VIII, 215, 1525 - DI IX, 332. 26.8.1630 fellur dómur um Keppsá sem bóndinn Jón



4. kort. Kífsá

Sigurðsson í Lögmannshlíð hélt vera kirkjunnar eign þar, en Bjarni bóndi Sigurðsson hafði keypt. Jón er dæmt að halda Keppsá undir Hlíðarkirkju - Jarðabréf, 221. 26.9.1660 er Keppsá, 10 hdr, talin kirkjujörð Lögmannshlíðarkirkju - Jarðabréf, 222-223. Einnig Keppsá. Enginn búskapur eftir 1961.

1712: "Enginu spillir nokkur Merkislækur með grjóts og sands áburtði. Úthagarnir eru hjarglega víðlendir og grösugir með Keppsártúngu, sem liggur fyrir vestan ána. Hætt er kvikfje fyrir holgryfulækjum, sem oft verður mein að." JÁM X, 196. 1918: 2.3 teigar. 1/3 slétt. Engir garðar.

Heimildamenn: Guðný Kristjánsdóttir fædd 3. janúar árið 1922 kom að Kífsá árið 1953 og Jón Víkingur Guðmundsson fæddur 29. maí 1924

Ey-289:001 *Kífsá* bæjarhóll bústaður 64°41.085N 18°10.967V


Bæjarhóllinn er þar sem núverandi íbúðarhús stendur enn, um 35 metra norður af læknum og um 700 metra vestur af Lögmannshlíðarveginum. Húsið er steyp t á einni hæð en ekki með kjallara og því sennilega ekki skemmt hólinn mikið. Bæjarhóllinn ósléttur grasi gróinn hóll sennilega náttúrulegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

Ey-289:002 fjárhústóft

64°41.115N 18°10.970V



Fjárhústóft er um 25 metra norður af bæjarhólnum 001, um 700 metra vestur af Lögmannshlíðarveginum. Tóftin er á ósléttum grasi grónum hóll í túninu.

Fjárhús með 3-4 hólfum, opnast til austur og hefur líklega haft trégafl. Að vestanverðu hefur verið lítil hlaða, ekki mjög greinileg og er hún 1x5,5 að innanmáli. Að norðanveru er hólf 3x7 að innanmáli og er hleðsluhæð þar mest 1 m. Þar eru mest 5 umför af grjóti. Sunnan við það er ógreinilegt hólf. Þakið er fallið ofan í tóftina og liggur þakfnið í miðju hólfinu. Þar

gæti hafa verið garði eða milliveggur. Hólfinu er skipt í tvennt þannig að í miðjunni er hólf 2x5 m að innanmáli og er hleðsluhæð þar mest 0,6 m. Síðan er um 1 m þykkur veggur. Sunnan við það og syðst er hólf sem er 2x6 m að innanmáli og er hleðsluhæð þar mest 1 m. Alls er tóftin 10x12 m að utanmáli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918

Ey-289:003 garðlag túngarður 64°41.137N 18°10.998V

Um 40 metra norður af fjárhústóftinni, 002, er túngarðsbrot. Garðurinn liggur suðvestur eftir túninu og beygir svo til suðurs eftir láginni og hverfur í slétt túnið. Garðurinn er alls 54 m langur og 1 m á breidd en hleðsluhæð er mest 0,7m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918


Ey-289:004 garðlag 64°41.135N 18°10.960V
Grjótgarður er um 15 metra norður af túngarðinum og snýr N-S, um 50 metra norður af 001, liggur upp á malarhól og beygir til austus en hverfur síðan í hólinn. Garðurinn er nær 40 m langur og 0,6 m á breidd en hleðluhæð er mest 0,4m.
Hættumat: engin hætta

Ey-289:005 heimild 64°41.132N 18°11.044V
Tóftir voru við melhólinn norður af bænum, þar sem garðurinn 004 er, en sléttað var úr þeim eftir 1953.
Hættumat: engin hætta

Ey-289:006 stekkjartóft 64°41.148N 18°11.158V
Stekkjartóftin er 250 metra norðvestur af bæjarhólnum 001, fast austan við Hrappsstaðaána. Í ósléttum mjög vel grónum hvammi í gilinu niður að ánni.

Tóftin snýr norður-suður. Króin opnast til austurs upp í brekkuna og er það hól 2x2,5 m að innanmáli. Sunnan við hana er 5x2 m hól að innanmáli sem opnast til vesturs niður að læknum. Tóftin er alls 11x5 m að utanmáli og er hleðsluhæð mest 0,3. Grjóthleðslur eru greinilegar í flestum veggjum tóftarinnar en yfirleitt ekki meira en ein umferð.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: H.H




Ey-289:007 álagablettur 64°41.183N 18°11.251V
“Lágur melhóll sem Bjarnarhóll nefnist er skammt vestan við Lónið. Á honum eru tveir smáir grasblettir sem ekki mátti slá, því þau álög fylgdu blettum þessum að þá fyki allt hey. Þetta reyndist hafa við rök að styðjast” [!] Hólinn er austan og sunnan við Lögmanshlíðarveginn og liggja 2 raflínur yfir og við þá. Ofan á hólnum má enn sjá áberandi grænar þúfur í annars grágrænum gróðri.

Ey-289:008 heimild 64°41.100N 18°11.699V
Í hvammi meðfram Merkjalæk, litlu ofar en Bjarnarhólar “mótar fyrir nafnlausum tóttum”. Merkilækurinn er á mörkum Kífsár og Hesjuvalla. Gengið var eftir honum beggja megin við merkin frá Lóninu upp ofan við bæinn á Kífsá en engar tóftir sáust. Guðný kannaðist ekki við þær. Hnit tekin í kargþýfi við lækinn í hestamóanum 100 metra V af 001.
Hættumat: engin hætta

Ey-290 Hesjuvellir

20 hdr. 1712. Lögmannshlíðarkirkjueign, fyrst getið 1318 og var þá orðin kirkju eign - DI II, 453 sbr. 1394 - DI III, 522. 25.8.1558 eru Hesjuvellir kirkjujörð Lögmannshlíðarkirkju - DI XIII, 324. 26.9.1660 telur Vigfús Jónsson Jóni syni sínum í kaupmála Lögmannshlíð með Esjuvöllum, 20 hdr en Á og Keppsá eru



5. kort. Hesjuvellir

taldar kirkjujarðir - Jarðabréf, 222-223. Talin hjáleiga frá Lögmannshlíð 1712, sögð byggð í úthögum út og upp frá staðnum og talin 1/5 jarðarinnar. Einnig Esjuvellir. “Land Hesjuvalla nær frá Lögmannshlíðarmerkjum að sunnan og austan, til fjallsbrúnar að vestan, en að norðan er Kífsá.” BE 1990, 668. 1918: 3.9 teigar. 1/4 slétt. Garðar 192 ferstiklur.

Heimildamaður: Bergrós Sigríður Höskuldsdóttir fædd á Hesjuvöllum 10 janúar árið 1936.

Ey-290:001 *Hesjuvellir* bæjarhóll bústaður 65°40.787N 18°10.521V
Hluti núverandi íbúðarhúss var viðbygging við gamla torfbæinn sem stóð fast vestan við núverandi íbúðarhús þar sem nú er hlað og sjást engin merki hólsins.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-290:002 heimild um hesthús 65°40.815N 18°10.472V
Hesthús var á Hesthúshól sem er 60 metra NV af bæjarhólnum, 001. Hólinn er í sléttu túni. Á þessum stað var illa farin hesthústóft fram undir miðja öldina.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-290:003 heimild um útihús 65°40.756N 18°10.581V
2 metra suður af bæjarhólnum var útihús samkvæmt túnakorti frá 1918, þar sem nú er trjágardur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-290:004 heimild um fjárhús 65°40.778N 18°10.625V
Fjárhús var þar sem nú er stofa í íbúðarhúsinu, NV af bæjarhólnum, 001

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-290:005 heimild um fjárhús 65°40.768N 18°10.660V
Fjárhús með hlöðu var um 23 metra NV af bæjarhólnum 001, rétt austur af kálfafjósinu þar sem nú er sléttur grasbali. Á þessum stað var tóft sem braggi var settur ofaná eftir stríð og var notað sem fjárhús fram yfir 1960.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-290:006 heimild um hesthús 65°40.766N 18°10.656V
Hesthústóft var um 5 metra suðvestur af 005, og 20 metra VNV af 001. Sléttur grasbali í túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-290:007 heimild um útihús 65°40.765N 18°10.751V
Útihús var 53 metra V af bæjarhólnum, um 20 metra norður af læknum í sléttu túni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-290:008 *Heystæðishóll* örnefni heystæði 65°40.704N 18°10.939V

“Heyskapur var fyrrum sóttur hátt uppeftir brekkunum, um það vitnar örnefnið Heystæðishóll allanngt ofan túns.” Heystæðishóll er um 1 km suðvestur af 001, upp í fjallsbrekkunum umkringdur mýrarblautum grasigrónum lægðum sem heyjað var í að sögn heimildamanns og gæti heyið hafa verið þurrkað á hólum en aldrei hefur hún heyrt talað um tóft á hólum.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: BE 1990, 668

Ey-290:009 stekkjartóft

65°40.710N 18°10.942V

“Í fjallinu rétt f. ofan girðingu beint upp af bænum er Stekkjarholt” Stekkjartóftin er 150-200 metra suðvestur af bæjarhólum 001, um 10 metra norður af læknum. Í þýðum grasi grónum móa.



Stekkjartóftin er ógreinileg, austast er garður alls 13 m langur og 1 m breiður. Vestan við hann er tóftin alls 8x12 m að utanmáli með garðinum en mjög lítið hól er vestan við hann. Vestan við hann er aðalhólfið sem er 2x5 m að innanmáli og opnast til suðurs og vestan við það er lítið hólfið 1x5 m að innanmáli og opnast til norðurs. Hleðsluhæð er mest 0,2 m og sér hvergi í grjóti

Hættumat: engin hætta

Ey-290:010 Kvíahóll örnefni kvíar

65°40.769N 18°10.752V

Á Örnefnakorti er Kvíahóll merktur inn beint norðvestur af nautafjósinu en ekki er hægt að átta sig á þessu enginn hóll á þessu svæði sem er slétt tún. Heimildamaður kannast ekki við kvíar þar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: SS: Akureyri (Örnefnakort), 219

Ey-290:012 heimild um hlöðu

65°40.795N 18°10.569V

Hlaða var rétt um 20 metra norðvestur af 001 þar sem nú er slétt tún. Húsið 011 gæti hafa verið áfast hlöðunni.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-290:011 heimild um hesthús

65°40.803N 18°10.496V

Hesthústóft var um 40 metra norðaustur af 001 þar sem nú er slétt tún. Hlaðan 012 gæti hafa verið áföst þessu húsi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-291 Lögmannshlíð


100 hdr með afbýlum 1712. Bændaeign. Getið í Ljósvefninga sögu, þá kölluð Hlíð og svo ávallt fram á fyrri hluta 15. aldar er Lögmannshlíðarnafnið festist og mun það vera kennt við lögmenningu Guðmund Sigurðsson (1302-18, 1321-40) og Sigurð Guðmundsson (1358-80). Frá [1296] er til skrá um reka sem Jörundur biskup (þ.e. Hólastaður) og Sigurður lögmaður í Hlíð áttu saman, mest um Melrakkaslétu - DI II, 315-17. 20.4.1430 skipar Loptur Guttormsson þeim erfingja sínum er fær Lögmannshlíð að halda þar ómaga af Möðruvellingaætt og á hann að fá 8 álnir vaðmáls á ári - DI IV, 406. [haustið 1432] er Hlíð meðal þeirra stórbýla sem komu til skipta eftir Lopt ríka Guttormsson á milli barna hans Þorvarðar, Eiríks, Ólafar og Soffíu - DI IV, 519. [um 1500] eru leidd vitni um að “Eiríkr Loptsson. sem þá atte jordina Logmannshlíð. hiellt þá og hafde og sier eignade med greindre jordu Logmannshlíð alla halfa Oddeyre rettsyni i sio þar sem Glera fellr fyrst ur gliufrum. Var þ.esse máldage og landamerke optlega lesin i logmannshlíð. bæde þá Eiríkr lifde og Sumarlíde epter hann. hafde Eiríkr og svo Sumarlíde þessa greinda landaregin med hlíd atolulaust meir enn .xxxx. vetr.” - DI XI, 55. 3.10.1506 selur Finnbogi Jónsson lögmaður Gottskálk bpi jarðir gegn tilkalli og eignarorði biskupsins til Lögmannshlíðar eftir því sem sr. Eiríkur Sumarliðason hafði honum fengið - DI XI, 60-61. 11.9.1508 lét Finnbogi Jónsson lögmaður lesa upp 12 lögréttumannadóm þar sem þeir dæmdu Finnboga til fullrar eignar alla jörðina Lögmannshlíð - DI VIII, 236. 1.4.1528 selur Hrafn Brandsson lögmaður Jóni Arasyni bpi Lögmannshlíð, jörð konu hans Þórunnar Jónsdóttur - DI IX, 448-450. 30.11.1531 sagði Jón Arason að hann hafði gefið Helgu dóttur sinni 2 hundruð hundraða og var þar tilskilin í jörðin Lögmannshlíð með því búi og peningum sem þar þá samanstóðu, til kaups við Eyjólf Einarsson - DI IX, 604. 7.5.1551 selur Erlendur Jónsson Birni Gíslasyni 17 hdr og 4 ágildi í Lögmannshlíð - DI XII, 261. 25.1.1554 kvittar Ólafur bp Hjaltason sr. Björn Gíslason af portio Lögmannshlíðarkirkju frá því að Gottskálk bp kvittaði Finnboga Jónsson 1505 og til 1526 - DI XII, 670. 25.8.1558 gefur Eyjólfur Einarsson, með ráði konu sinnar Helgu Jónsdóttur, dóttur sinni Önnu 70 hdr uppí jörðina Lögmannshlíð og á kirkjan þar jörð á Hesjuvöllum - DI XIII, 324. 7.12.1620 segir Guðbrandur Þorláksson bp í bréfi: “Sú jörð, Lögmannshlíð, fer nú sölum og skiptum, svo Jón Sigurðsson skal nú vera eigandi að 30 hndr. Bæjarhræ má sú jörð heita, niðurnídd og hrunin í grunn.” - Jarðabréf, 217. 22.7.1632 telur Jón Sigurðsson Vigfúsi syni sínum í kaupmála m.a. hálfa Lögmannshlíð fyrir 50 hdr og lofar Vigfús að gefa Guðrúnu Haldórssdóttur heitkonu sinni hálfa Lögmannshlíð - Jarðabréf, 2443. 24.10.1641 selur Jón Jónsson Vigfúsi bróður sínum hálfa Lögmannshlíð - Jarðabréf, 243. 6.9.1660 telur Vigfús Jónsson Jóni syni sínum í kaupmála Lögmannshlíð, eitt hundrað hdr, með jörðunum Esjuvöllum, 20 hdr, Kollugerði, 10 hdr, og öðrum hennar heimalöndum. Þar að auki eru tilnefndar kirkjujarðirnar Á, 40 hdr, og Keppsá, 10 hdr - Jarðabréf, 222-223. 1.7.1621 selur Eyjólfur Eiríksson Jóni Sigurðssyni 66 hdr og 4 ærgildi í Lögmannshlíð - Jarðabréf, 217.

Hesjuvellir, Tittlingur, Kollugerði og Rangárvellir voru hjáleigur í byggð 1712 en Bandagerði var fornt eyðiból. Einnig voru Krúgerði og Sandgerði tvennar girðingar í landinu en ekki ætluðu menn þar byggð verið hafa þær eru ásamt Hengingarklöpp skráðar undir Bandagerði. Búskap lauk 1972. “Land Lögmannshlíðar liggur á milli Hlíðarenda og Hesjuvalla og nær niður að merkjum

við Rangárvelli. Þá á Lögmannshlíð spildu milli Hesjuvalla og Kollugerðis er nær norður að merkjum við Mýrarlón." BE 1990, 687.

1712: "Túninu er mjög hætt við skaða og skriðufalli, bæði úr bæjarlæknum og fjárhúslæknum, sje ekki með bestu gætni við varðað. Engið spillist nokkur af sömu lækjum, sem ber á það grjót og sand. Úthagarnir eru nægilega grösugir og víðlendir. Hætt er kvikfje fyrir afætudýjum og lækjum og so fornum torfgröfum." JÁM X, 197. 1918: 8.1 teigar. 1/2 slétt. Garðar 180 ferstiklur.

Heimildamenn: Jón Víkingur Guðmundsson fæddur 29. maí árið 1924.



6. kort. Lögmannshlíð

Ey-291:001 *Lögmanshlíð* bæjarhóll bústaður 65°40.595N 18°10.301V
Bæjarhóllinn er að mestu óhreyfður og er um 65 metra NV af kirkjunni, 90 metra N af 003. Þýfður greinilegur hóll, vel gróinn sóleyjum í óslegnm grasbala, túnið er sennilega ekki hirt. Hóllinn er um það bil 60x60m.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1918

Ey-291:002 heimild um útihús 65°40.559N 18°10.221V
H.H. segir í söguminjaskrá að á bæjarstæðinu sem sé að mestu óraskað hafi til skamms tíma staðið gömul útihús (Skrauthús, Hlöðuhús, Kirkjuhús o.fl.) og að tættur þeirra sjáist. Á túnakorti má sjá að útihús var 90 metra SV af bæjarhólnum, 001, og 53 metra V af 003. Á grasi grónum hól í túninu.

Hættumat: hætta vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1918; HH

Ey-291:003 heimild um útihús 65°40.557N 18°10.112V
H.H. segir í söguminjaskrá að á bæjarstæðinu sem sé að mestu óraskað hafi til skamms tíma staðið gömul útihús (Skrauthús, Hlöðuhús, Kirkjuhús o.fl.) og að tættur þeirra sjáist. Á túnakorti má sjá að útihús var 100 metra SA af bæjarhólnum, 001, og 100 metra S V af kirkjunni. Á vel grónum hól í túninu þar sem grasið er yfir 1 m hátt og má vera að þar séu enn greinilegar tóftaleifar.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Túnakort 1918; HH

Ey-291:004 útihúsatóft 65°40.619N 18°10.112V
H.H. segir í söguminjaskrá að á bæjarstæðinu sem sé að mestu óraskað hafi til skamms tíma staðið gömul útihús (Skrauthús, Hlöðuhús, Kirkjuhús o.fl.) og að tættur þeirra sjáist. Lítil og ógreinileg tóft er við lækinn um 20 metra V af kirkjunni og um 40 metra austur af bæjarhólnum. Gróið sléttlendi við lækjarbakkann.

Tóftin er mjög ógreinileg, 8x4 m að utanmáli og er hleðsluhæð mest 0,2 m. Ekkert grjót er sýnilegt í tóftinni. Hún er greinilega tveggja hólfa en erfitt er að greina stærð þeirra því um miðbikið er tóftin nánast ógreinanleg.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga


Heimildir: Túnakort 1918; HH



Ey-291:005 útihúsatóft

65°40.622N 18°10.006V

H.H. segir í söguminjaskrá að á bæjarstæðinu sem sé að mestu óraskað hafi til



skamms tíma staðið gömul útihús (Skrauthús, Hlöðuhús, Kirkjuhús o.fl.) og að tættur þeirra sjáist. 17 metra N af kirkjunni og 3 metra S við lækinn eru greinilegar hleðslur og hefur verið þar útihús ef marka má túnakort frá 1918. Mjög mikill gróður er kringum og inn í tóftinni, sóleyjar og fl er í túninu. Tóftin er alls 6x5m að utanmáli og er hleðsluhæð mest 0,2m. Tóftin er mjög ógreinileg vegna þess hve mikill gróður er inn í henni. 2 veggir sjást þó greinilega en rof er á milli þeirra, greinilegar grjóthleðslur sjást í báðum veggum, þó aðeins 1-2 umför í þeim.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1918; HH

Ey-291:006 heimild um útihús

65°40.699N 18°09.757V

H.H. segir í söguminjaskrá að á bæjarstæðinu sem sé að mestu óraskað

hafi til skamms tíma staðið gömul útihús (Skrauthús, Hlöðuhús, Kirkjuhús o.fl.) og að tættur þeirra sjáist. “Út og niður á túninu er Bjarnarhóll með gömlum tóttarrústum ...” 220 metra norðaustur af kirkjunni var útihús ef marka má túnakort frá 1918, 40 metra N af Lögmanshlíðarveginum í sléttu túni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SS: Ö-Ak, 19; Túnakort 1918; HH

Ey-291:007 kirkja

65°40.614N 18°10.034V

Núverandi kirkja stendur 10 metra suður af Lögmanshlíðarveginum og er garður í kring. Kirkja hefur sennilega staðið þar öldum saman. Kirkjan stendur á sléttaðri hæð um 60 metra vestur af bæjarhólnum. Kirkjugarðurinn er í kring um hana um það bil 400x400m. Kirkjan byggð 1860, friðlýst. Kirkjugarður nýlega stækkaður og land jafnað

LÖGMANNSHLÍÐ Í KRÆKLINGAHLÍÐ (E) -Ólafi (GLÆSIBÆJARANNEXÍA)

1318: ä land ä hesiuvollum

Þar skal prestur vera. tekur hann heima j leigu fíorar merkur. vtangardz half fiorda mork

Af. xj. Bæium liostollur oc heytollur

Tyund tali anno ccc. oc half morck; Máld DI II 453-454

28.1.1399: ä land ad hesiuvollum.

þar skal prestur vera og taka heima j leygu. iiij. merkur. vtann garz halffu fiordu mork.

lysitollur og heytollur af xij Bæium.

Dedicatio Ecclesie in festo sancti Olai.

Tijund a þui are. kyrckiu hluti hundrad og halfur hinn xiiij. Eyrar.

Jtem reyknaðist j portionem Ecclesiae vñ þau ix. ár. sem valgiardur hafði bvið. x. hundrud voruvird að auk þess sem þau Gamle hófðu adgiort kyrkiunne og tillagt; Máld DI III 522-523

8.12.1403: Testamenti séra Halldórs Loptssonar: kirkiu j hlið þat ær hennæ brestur aa tolfmanada tídir ok þar til halfann gardmanna Ræka med flutningum; DI III 685

[1429]: [1] prestr; DI IV 380

[1461]: 1 prestur DI V 360

25.1.1554: Máld DI XII 669-670

1712: kirkjustaður; JÁM X: 196

27.2.1880: Glæsibæjarprestakall lagt niður og ytri hluti Lögmannshlíðarsóknar lagðar undir Möðruvallaklaustur, en fremri hlutinn undir Akureyri; (PP, 273) [lög]

12.1.1884: Lögmannshlíðarsókn öll lögð undir Akureyri; (PP, 273) [lög]

Hættumat: engin hætta

Ey-291:008 *Hesthúshóll* örnefni hesthús 65°40.661N 18°09.949V

Á Örnefnakorti er merktur Hesthúshóll í norður frá kirkjunni. Gæti verið sama og 005. Mjög mikill gróður er þessu svæði, er nú tún í órækt.

Heimildir: SS: Akureyri (Örnefnakort), 223

Ey-291:009 *Hraukbæjarsel* heimild um sel 65°39.805N 18°11.833V

“Útgarður, skíðaskáli M.A. stóð á tóttum H.sels” segir í örnefnalýsingu. “Nyrstur Sellækur utan við hótelið, fellur hann um Selgil en á suðurbarmi þess neðarlega stóð Útgarður, skíðaskáli Menntaskólans á tóttum Hraukabæjarsels, sem gilið er vafalítið kennt við.” Nú er búið að rífa skálann en hnit voru tekin þar sem líklegast var að skálinn hefði staðið á suðurbarmi gilsins um 50 m austur af veginum upp í Skíðaskálann. Í þýfðum móa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SS: Ö-Ak, 20

Ey-291:010 *Dómhringar* 65°40.749N 18°09.854V

FRÍDLÝSTAR MINJAR. “Hringir (Dómhringar) nefndist staður yzt og neðst í túninu í Lögmannshlíð, fyrir austan (neðan) Hlíðarlækinn” G.Ól. segir í Súlum XI (bls. 16) að staðurinn sé um 300 m NA frá bænum. “Svæðið (...) er í skeifulaga laut eða hvammi og er um 100 m í þvermál. Hvamminum hallar aðeins niður á við að Hlíðarlæk eða í NV. Lágir hæðarhryggir umlykja hvamminn á hinar þrjár hliðarnar. “ Staðurinn er friðlýstur. Hvammurinn er auðfundinn um það bil 300 m NV af bæjarhólnum, fast við lækinn, í sléttu túni.

Túnið var óslegið, má vera að þústir séu greinilegar þegar túnið er nýslegið. “Hringir eða Dómhringar heitir dálítill hvammur yzt og neðst í túninu í Lögmannshlíð. Skömmu fyrir 1940 var þarna ... Eldfornum gördum eða veggjum, brotum mannvirkis, sem gaman hefði verið að varðveita. Bóndinn, sem vann það óhappaverk, að eyðileggja þessar fornminjar, lýsti þeim rækilega fyrir mér. Mældum við hvamminn, sem geymdi þessar fornminjar og rissaði ég upp á blað þessar hleðslur, eftir lýsingu bóndans. Þarna mun hafa verið um eins konar lögréttu að ræða, því garðarnir lágu í hálfhring upp frá lækjarbakka, en austan við (bak við) var hæðargryggur, og er enn. Bóndinn taldi hleðslurnar hafa verið þrettán og var nú neðsta stutt, en hin fjarsta læknum mjög löng. Hafa þarna getað setið margir tugir manna. Hvergi er þessa staðar getið í fornum ritum, svo að vitað sé, en

staðurinn var landnámsbær Ásgríms Öndóttassonar kráku, og þar bjó skömmu síðar Snorri Hlíðmannagoði, Eyvindarson túnhana.”

“Föstudaginn þann 24. október 1980 gerði undirritaður sér ferð til Akureyrar til að hitta þá Helga Hallgrímsson, safnvörð við Náttúrugripasafnið á Akureyri og Jóhannes Óla Sæmundsson ritstjóra og örnefnasafnara með meiru. Tílefni ferðarinnar var bréf frá Helga Hallgrímssyni, dagsett 20. október 1980, þess efnis að merkar sögulegar minjar, s.k. hringar eða dómhringar, í landi Lögmannshlíðar, væru í yfirvofandi hættu vegna fyrirhugaðs fjárhúsahverfis þar rétt hjá. Fór ég ásamt þeim Helga og Jóhannesi Óla á staðinn, sem er um 300 m NA af bænum í Lögmannshlíð, til að skoða aðstaður. Svæðið sem um er að ræða, er í skeifulaga laut eða hvammi og er um 100 m í þvermál. hvamminum hallar aðeins niður á við að Hlíðarlæk eða í NV. Lágir hæðarhryggir umlykja hvamminn á hinar þrjár hliðarnar. Heitir sá stærsti þeirra “Beinrófa” og afmarkar hvamminn að austanverðu. Í hvamminum voru áður sýnileg 13 skeifulaga garðbrot, hvert inn af öðru, sem jafnað var yfir um 1935 af þáverandi ábúenda jarðarinnar, en eftir lýsingu hans hefur Jóhannes Óli gert teikningu af staðnum. Vegna dimmviðris og um 10 cm snjóalags á jörðu varð að þessu sinni því miður ekki mikið úr rannsóknum, að öðru leyti en því að staðurinn var skoðaður. Auðsætt var þó að lítil er nú sjáanlegt á yfirborði jarðar af þeim mannvirkjum sem Jóhannes Óli greinir frá í örnefnalýsingu sinni. Þó sýndist okkur að greina mætti í landslaginu leifar af ystu garðlögnum í hringnum. Nú segir í frásögn Jóhannesar Óla, að garðhleðslur þessar hafi verið mjög sokknar í jörð þegar sléttað var yfir þær. Þar er því ekki ólíklegt að hægt sé að ganga úr skugga um aldur, gerð og útlit þessara minja með tiltölulega einföldum rannsóknum, t.d. með því að grafa nokkra þverskurði í gegn um svæðið. Og er raunar sjálfsagt að svo verði gert. Jóhannes telur vafalítið að þarna hafi verið forn fundarstaður eða þingstaður, og má svo vel vera. Undirritaður telur þó að ekki komi síður til greina að þarna sé e.t.v. um leifar af s.k. Völundarhúsi að ræða, sem væri ekki síður merkilegt en þingstaður, þar eð það væri þá sennilega eina Völundarhúsið sem varðveist hefði (þó skaddað sé) hér á landi. Frásagnir og teikningar eru til af slíkum völundarhúsum í íls. handritum frá um 1300 og einnig síðar. Hvort sem tilgátur þessar reynast réttar eða ekki, þá er hér áreiðanlega um mjög merkilegar minjar að ræða sem undirritaður telur að full ástæða sé að friðlýsa og verði í engi leyft að spilla. Friðlýsingarmerki væri þá sett niður í mitt svæðið, en því þyrfti að fylgja skjalfest friðlýsing, a.m.k. þar til einhver rannsókn hefur farið fram á svæðinu. Nú mun víst fyrirhugað að reisa fjárhúsahverfi austan við hæðargrygginn Beinrófu, og er þá fyrirsjáanlegt að allt svæðið muni spillast verulega af ágangi fjár, en ekki verður að gert. Best væri, ef hægt væri að vera smá breytingu á skipulagi, þannig að ekki kæmi nein byggð þarna í kring, og fjárhúsunum fundinn annar staður. Slíkt er þó sennilega um seinan nú, þar eð byrjað er að slá upp fyrir einsu húsi á þessum stað, og verður því nauðsynlegt að girða svæðið af til að verja það öllum átroðningi.” - “Tóftarbrot höfðu verið til beggja enda. Lengdin meðfram Hlíðarlæk um 50-60 metrar en breiddin frá honum og upp fyrir ysta bogann 25-30 metrar.


Hættumat: hætta vegna jarðræktar

Heimildir: Sútur XI, bls.16-20

Ey-291:011 hleðsla

65°39.501N 18°10.604V

Á sléttum bala á bakka Glerárinnar beint norðvestur af öskuhaugunum er grunnur af tóft, sennilega rétt. Hleðslan er í litlum hvammi undir bröttum brekkum við lítinn læk milli Sellæks og Kúalæks. Á sléttum grýttum árbakkanum. Hringlótt hleðsla 12x8 metrar að utanmáli 11x7 m að innanmáli en sunnan við hringinn er meira grjót og má ætla að þar hafi verið annað hólfið þó það sé nú ógreinilegt.



Hættumat: hætta vegna vatnsaga

Ey-291:012 Skrauthúshóll örnefni útihús 65°40.568N 18°10.090V

H.H. segir í söguminjaskrá að á bæjarstaðinu sem sé að mestu óraskað hafi til skamms tíma staðið gömul útihús (Skrauthús, Hlöðuhús, Kirkjuhús o.fl.) og að tættur þeirra sjáist. “Í túninu er Skrauthúshóll fyrir sunnan og ofan bærinn, þar eru fjárhús, sem e.t.v. hafa heitið Skrauthús.” Á Örnefnakorti má sjá að Skrauthúshóll var suður af kirkjunni. Vel gróið sléttlendi við kirkjuna en sunnar er ósleginn hagi með mjög háu grasi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: HH; SS: Ö-Ak, 19; SS Akureyri (Örnefnakort), 223

Ey-291:013 Fosshús þúst beitarhús


65°39.269N 18°11.590V


Fosshús voru “v. Kúalæk í Hlíðarfjalli” Við Fossinn í Kúalæknum, um 200 metra vestur af vegaslóðanum suður Glerárdalinn er þýfður bali sem líkist því að þar hafi staðið hús. Mjög þýfður og deiglendur bali.

Tóftin er mjög óglögg, 10x7 m að utanmáli en varla er hægt að tala um innanmál því þýfið hefur varla tóftarlag. Skrásetjari sannfærast samt um að þetta væri staðurinn sem húsin hefðu staðið á því allt svæðið var gengið beggja megin við lækinn upp í fjallið og þar var engin tóft sjáanleg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: H.H

**Ey-291:014** Fremri-hús/Hlíðarbeitarhús beitarhúsatóft



65°39.803N 18°11.125V

Hlíðarbeitarhús “voru á svonefndum Torfum (syðst), en það er hár melhryggur eða flati, við Glerárgilið, rétt f. norðan Byrgislæk. Þau voru einnig nefnd Torfnahús og Fremrihús. Tóttir þeirra eru að mestu óhreyfðar” Tóftin er 30 metra austur af vegaslóðanum suður Glerárdalinn, um 5 m norður af gílinu við Byrgislækinn. Í þýfðum vallendismóa.

Húsið liggur A-V, 12x18 m að utanmáli og er hleðsluhæð mest 0,4 m. Greinileg beitarhúsatóft. Að

austanverðu er heygardur, 10x4 m að innanmáli. Vestan við það er aðalhólfíð og að sunnanverðu í því er greinilegt hól og garði norðan við það. Norðan við garðann er tóftin of óglögg til að hægt sé að greina byggingarlag en síðan hefur verið hliðarhólf á tóftinni norður úr norðurveggnum sem opnast hefur til vesturs, 5x3 m að innanmáli. Líklega hefur verið trégafl á húsinu, að minnsta kosti eru engin merki um vegg fyrir vesturgafli.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: H.H

Ey-291:015 *Selið* heimild um sel 65°39.605N 18°11.259V

“Selið (Hlíðarsel?) nefnast tættur vallgrónar, í Byrgishvömmum rétt fyrir sunnan Byrgislækinn (niðri við Glerá). Óskemmdar.” Leitað var vandlega um allt svæðið frá Byrgislæk suður að Súlutindum, bæði niðri við ána og ofar í hlíðinni en engin merki um selið eru sjáanleg. Mjög deiglent í hlíðinni en grýttir vallendismóar við árbakkann. Annaðhvort eru tættur hornar í Glerá, sokknar í mýrina eða svo þúfusprengdar að þær eru orðnar ógreinanlegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: H.H

Ey-291:016 *Dauðsmannshóll* heimild um legstað 65°40.218N 18°15.733V

1817: “Á Glerárdal í Lögmannshlíðar Annex Sókn (: frá Glæsibæ) er nefndur Davdsmannshóll, og er Mál Manna, at í hönum sé heygður Fornmadur nockur, en einginn gétur nú sagt hvörr heslt; Hóll þessi er 160 Fadmar í Kríng - í Peripherie - en 60 Fadmar þvers - í Diameter - med Lavt alt um kríng, ecki ólíkt því ad hönum hafi verid uppmokad úr tédri Lavt.” “Þar fyrir norðan [Háurinda] taka við skálar í fjallsbrúninni, syðst og dýpst er Hlíðarskál næst fyrir norðan hana Reithólaskál en Hlíðarhryggur á milli þeirra, norðar eru Hrappsstaðaskálar og Mannshryggur milli þeirra. Í Reithólaskál og neðan hennar eru Reithólar og neðan við þá smærri hólar Neðri Reithólar eða Dauðsmannshólar.”

1820: “J Lögmannshlíðar Sókn, á so kölludum Glerárdal, Er og til 1n Hóll kalladur Daudsmanshóll, med upp mjóum Toppí, sem Mastur á Hafskipi - þessi Hóll Er að stærð 100d fadmar í kríng, Enn 30 uppa Toppinn; Eí veit eg heldr til að nockurn Tíma hafi í þennan hól verið grafid; Enn gamallra manna mál Er, að þar hafi til Forná átt að finnast partur af Sverdi Enn umm Sannleíka hér í kann eg ecke að seigia.”

Heimildir: FF II, 554-556; SS. Ö-Ak, 20.

Ey-291:017 heimild um garðlag

Í sölubrési Ytra-Krossanes frá 9.9.1397 kemur fram að Krossanesmenn ættu geldfjárrekstur og lamba á Glerárdal og ættu þeir að halda garði með öðrum byggðamönnum sem þangað ættu upprekstur. Ekkert sér nú til þessa garðs en hann hefur sennilega verið framan við fremstu sel á dalnum.

Heimildir: DI III, 620-21

Ey-291:018 *Svarðarhóll* örnefni mógrafir 65°40.681N 18°09.639V
Á Örnefnakorti má sjá að Svarðarhóll hefur verið þar sem nú er flag austan við hesthúsin og Dýraspítalann 20 metra N af Lögmannshlíðarveginum.

Heimildir: SS: Akureyri (Örnefnakort), 223

Ey-291:019 *Tils Head* heimild um herminjar 65°40.652N 18°09.824V

“... enn ofar var fjórði kampurinn, Tils Head, við Lögmannshlíð. ... Þá voru herbúðir hjá Lögmannshlíð, á milli Kífsár og Hrappastaða og úti hjá Lónsá, í landi Bitrugerðis ofan þjóðvegarins og neðan hans í landi Mýrarlóns.” Kampurinn var þar sem hesthúsabyggðin er nú um 300 metra norðaustur af bæjarhólnum, 001.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda

Heimildir: JH: Hernámsárin á Akureyri og í Eyjafirði, 42-46

Ey-291:020 heimild um landamerki 65°41.203N 18°10.019V

“Að norðan úr Ódrykkjulæk, sem rennur fyrir sunnan Syðra-Krossanes, þaðan beina stefnu í mitt Viðarholtsvik, svo beina stefnu þaðan í vörðu utan í svokölluðum Guddumel, er stendur rétt austan við Lónið ...” Guddumelur er austan Lónsins beint suður af túnunum á Mýrarlóni. Nokkuð grýttur og lítið gróinn melur. Landamerkjagirðing liggur yfir melinn að norðanverðu. Þar eru nokkrar grjóthrúgur en engin heil varða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ak, 21

Ey-291:021 heimild um landamerki 65°41.432N 18°16.733V

“Að norðan úr Ódrykkjulæk, sem rennur fyrir sunnan Syðra-Krossanes, þaðan beina stefnu í mitt Viðarholtsvik, svo beina stefnu þaðan í vörðu utan í svokölluðum Guddumel, er stendur rétt austan við Lónið, svo ræður Lónið merkjum suður að læk, sem fellur í það og rennur fyrir sunnan túnið á Hesjuvöllum, en síðan eru merki eftir honum í Gróf í fjallinu, svo eftir henni í vörðu, sem stendur efst á fjallsbrún.”

Heimildir: Ö-Ak, 21


Ey-291:022 *Byrgislækur* örnefni

65°39.803N 18°11.125V

“Byrgislækur fellur úr Hlíðarskál, milli hans og Illagils er stallur, Hjalli, en landið neðan við hann Selland. ... Við Glerárgilið, rétt utan við Byrgislæk voru beitarhús frá Lögmannshlíð, Fremri hús.” Vel gróinn melur norðan við lækinn en sunnan við hann er mjög deiglent og blautt. Ekki ljóst hvort þarna hafa verið tóftir af til dæmis smalabyrgi eða þá hvar þær hafa verið, engar tóftir sáust sumarið 1998.

Heimildir: SS: Ö-Ak., 20

7. kort. Rangárvellir



Ey-292 *Rangárvellir*

Hjáleiga frá Lögmannshlíð 1712, bygð fyrir um 40 árum frá Lögmannshlíð, landi sem legið hafði undir Kollugerði, dýrleiki óviss, talinn með 10 hdr. Kollugerðis. Í eyði 1945. 1918: 1.9 teigar. 3/4 slétt. Garðar 900 ferstíklur.

Ey-292:001

Rangárvellir

bæjarhóll bústaður

65°40.816N 18°08.261V

“Enn mótar fyrir rústum R.bæjar norðan lækjar, skammt vestan trésmíðaverkstæðisins sem áður var svínahús og norðan Gúmmívinnslunnar sem að hluta hýsti áður nautgripi [!]” Bæjarstæðið er um 35 metra norður af Rangánni, um 100 metra norðvestur af Gúmmívinnslunni á sléttum grasbala. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt en afmarka má svæðið með nokkurri nákvæmni út frá

túnakorti og auk þess liggur vegarslóði frá Gúmmívinnslunni upp á vellina og endar við svæðið þar sem líklegt er að bæjarhóllinn hafi staðið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; BE 1990 694-695.

Ey-292:002 heimild um útihús 65°40.805N 18°08.201V
Útihús var 40 metra norðvestur af bæjarhólnum 001, við Rangána norðanmegin. Á sléttum grasbala.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-292:003 *Main Camp* heimild um herminjar 65°40.669N 18°08.379V
“Handan árinna ber landið enn sár eftir Main Camp, þar sem voru höfuðstöðvar 4th Lincolnshires Regiment.” Ekkert sést nú af þessum stóra kampi, sem hefur náð yfir stórt svæði og má sjá á loftmynd að byggðarkjarnarnir hafa verið tveir, annar í túnfætinum á Rangárvöllum en hinn aðeins ofar við Liljulundinn. Hnit tekin þar á milli við hús Hitaveitu Akureyrar á sléttum grasbala. Þar eru nú hús, sléttar grundir og trjálundur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JH: Hernámsárin ..., 44

Ey-292:004 *Marlborough Camp* heimild um herminjar
65°40.700N 18°08.036V

“Handan árinna ber landið enn sár eftir Main Camp, þar sem voru höfuðstöðvar 4th Lincolnshires Regiment. Marlborough Camp er nokkru ofar.” Ofan við Liljulund er afleggjari frá Lögmannshlíðarveginum sem nær að Kollugerði, rétt austan við suðurenda afleggjarans er sléttur túnbali og þar stóð þessi kampur.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: JH: Hernámsárin ..., 44

Ey-293 **Kollugerði**

Hjáleiga frá Lögmannshlíð 1712. Þá sagt hafa verið byggt í úthögum fyrir manna minni, útskift einasta að töðum og engjum. 10 hdr. með Rangárvöllum. 24.5.1486 er dæmt að Eiríkur Loptsson hafi átt K. og að Sveinn Sumarliðason sé réttur erfingi hans. - DI VI, 569-72. K. hefur þá verið lögbyli. 26.9.1660 er Kollugerði, 10 hdr, talin með Lögmannshlíð í kaupmála Jóns Vigfússonar - Jarðabréf, 222. Kollugerði II nýbyli úr landi K. 1950 (15 ha). Kollugerði I í eyði frá 1976 en Kollugerði II frá 1981. 1918: 2.7 teigar. 1/3 slétt. Engir garðar.

Ey-293:001 *Kollugerði* bæjarhóll bústaður 65°41.074N 18°08.479V

Bærinn “mun hafa staðið þar sem nú er Kollugerði I” HH. Íbúðarhús byggt 1947. Búið er að rífa öll hús, um 50 metra vestur af veginum ofan við byggðina í Giljahverfi, um 40 metra norðaustur af austurenda Kollugerðismela. Mjög vel



gróinn og þýfður bali, greinilegt er hvar húsið stóð því hólinn er sennilega nokkur óhreyfður. Greinilegur vegaslóði er frá veginum ofan við byggðina upp að bæjarhólnum sem er 30x30 m í þvermál. Hættumat: hætta vegna ábúðar Heimildir: Túnakort 1918;

8. kort. Kollugerði

Ey-293:002 heimild um útihús 65°41.059N 18°08.443V
Útihús var 10 metra norðvestur af bæjarhólnum, 12 metra norðaustur af 003. Mjög vel gróinn og þýfður bali túnin greinilega ekki verið hirt síðustu ár og hlaupin í þúfur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-293:003 heimild um útihús 65°41.058N 18°08.429V
Útihús var 25 metra vestur af bæjarhólnum, 001, um 12 metra suðvestur af 002. Mjög vel gróinn og þýfður bali túnin greinilega ekki verið hirt síðustu ár og hlaupin í þúfur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-293:004 heimild um útihús 65°41.063N 18°08.437V
Útihús var 60 metra vestur af bæjarhólnum, um 65 metra suðaustur af 003. Mjög vel gróinn og þýfður bali túnin greinilega ekki verið hirt síðustu ár og hlaupin í þúfur.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-293:005 heimild 65°41.079N 18°08.467V
“Tóttir af stekk eða fjárh. eru við [Kollu...?? ólæsilegt] “ Þetta gæti verið sama og 002-004 en stekkur hefur væntanlega verið utan túns en hvergi eru nú sjáanlegar tóftir á því svæði sem kemur til greina.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: HH

Ey-293:006 *Torfdalur* örnefni rista 65°41.017N 18°08.592V
Á Örnefnakorti má sjá að dalurinn sem liggur frá Kollugerði fyrst í suðvestur og svo beint í vestur samhliða efstu byggð heitir Torfdalur og má vera að þar hafi verið torfrista frá Kollugerði eða öðrum jörðum í nágrenninu. Gróinn dalur, sléttur í botninn en aflíðandi hlíðar.

Heimildir: SS: Akureyrir (Örnefnakort), 220

Ey-294 **Bandagerði**

Hjáleiga frá Lögmannshlíð 1712 og þá í eyði (sýnil. tóftir og garðbrot). Byggðist aftur fyrir 1799 og var í samfelldri byggð frá 1816. Fyrir 1850 eignaðist Þorsteinn Danielsson Lögmannshlíð ásamt B en 1897 kaupir Jón Jónsson B. og var það þá sjálfstætt býli. Árið 1880 byggðust fyrstu þurrabúðarbýlin í Bandagerðislandi, Glerárholt og Melgerði en 1888 var byggt í Sandgerðisbót. Á árabílinu 1897 til 1910 voru byggð 14 býli í landi Bandagerðis og bjuggu um 150 íbúar á 20 býlum í Glerárþorpi sem byggðist að mestu úr Bandagerðislandi. Á árunum 1910 til 1930 bættust við um 40 býli og töldust býlin vera 47 árið 1930. Búskap var hætt í Bandagerði sjálfu 1954 og er nú mestallt landið komið undir íbúðabyggð.

Landamerki 25.1.1898: “Að norðanveru merkin úr steinlímdri vörðu á sjóarhömrnum og yst í Krúgerði og þaðan í beina línu vestur í mitt Viðarholtsvik, þaðan að vestan eftir vörðum suður að vörðu sem stendur utan við svokallaðan Merkishól og frá henni beint austur í Glerá. Úr því ræður Glerá merkjum að sunnan niður á neðsta nef eða klöpp sem stendur syðst og austast norðan við ána, þar sem emlarnir beygja til norðausturs og þaðan í síki sem liggur neðan við Holtsklöpp og Hengingarklöpp og eftir þeirri beinu línu í sjó fram þar sem klappanefin bera saman. Síðan ræður sjór, norður að áðurnefndri sementsvörðu á sjóarhömrnum.”

Túnakort hefur ekki verið gert. “Árið 1930 var Bandagerði landrúin jörð að öllu nema túnskikanum kringum húsin sem gaf af sér nálægt þrem kýrfóðrum.” Tryggvi Emilsson: “Baráttan um brauðið”, 184.

Ey-294:001 *Bandagerði* bæjarhóll bústaður 65°41.385N 18°07.378V
Jón Jónsson byggði timburhús í Bandagerði laust fyrir aldamótin 1900. - LZ: Glerárþorp, 6 “þar sem síðustu bæjarhúsin stóðu er nú húsið Hvamshlíð 8” og

stendur það enn þar og engar leifar eru sýnilegar af bæjarhólnum. Heimildir: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X. ; BE1990, 691

Ey-294:002 *Glerárholt* heimild um bústað 65°41.714N 18°06.063V
“Jón Jónsson á Rangárvöllum og Gunnlaugur Þorvaldsson á Blómsturvöllum byggðu sér ... húskofa ... árið 1880, á holtinu sunnan við Sandgerðisbótina. ... Bærinn var nefndur Glerárholt og stendur þar enn hús með því nafni. Oft var margbýlt í Glerárholti er frá leið, því þar voru fleiri hús byggð.” Hnit tekin 40 metra suður af bótinni því ekki er ljóst hvar þessi hús voru nákvæmlega, en á þessu svæði eru nú engin íbúðarhús.

Jón keypti íbúðarhúsið af hreppnum 1893 eftir að Gunnlaugur fluttist burt. 1895 flytjast í Glerárholt hjónin Sigurður Sigurðsson og Ragnheiður Hálfánardóttir “Sigurður byggði sitt hús norðan við bæ Jóns. Sigríður Sigurðardóttir, systir Sigurðar og maður hennar Júlíus Jónsson ... fluttu að Glerárholti um aldamótin og byggðu lítið timburhús í sundinu milli bæja Jóns og Sigurðar. Stendur sú bygging enn að hluta til, en mun vera ónýt. Jóhann Gíslason og kona hans Indíana Jóhannsdóttir fluttu að Glerárholti aldamótaárið ... Fékk Jóhann leigða lóð undir bæ, ásamt 400 ferföðmum lands til ræktunar og svarðarland sem nam 60-70 hestburðum árlega, til eigin nota og frítt uppsátur í Sandgerðisbót, en skyldur var hann til að borga lóðarfisk úr hverjum róðri. Jóhann byggði bæ sinn að Glerárholti áfast norðan við bæ Sigurðar. Er hús það jafnan í manntölum nefnt Ytra-Glerárholt, en hús Jóns, Júlíusar og Sigurðar hins vegar nefnd Syðra-Glerárholt, þó allt væri þetta ein samfelld húsaröð. Þessi fjögur hús voru nokkuð misjöfn að stærð, en höfðu þó það sameiginlegt að þau voru öll aðeins ein baðstofa og eldhús, auk búrs og bæjardyra, nema bær Jóhanns, þar var að auki dálítið risloft.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 14, 22

Ey-294:003 *Melgerði* heimild um bústað 65°41.499N 18°06.925V
“Vorið 1880 fær Guðmundur [Ívarsson f. á Hjalla 1837] landskika undir þurrabíðarbyli á klapparásnum utan og neðan við Bandagerði og byggði þar bæ sinn sem hann nefndi Melgerði, stendur þar enn hús með sama nafni. Einnig fékk Guðmundur leigt uppsátur í Sandgerðisbót.” Vestan við Háuhlíðina er íþróttasvæði Þórs og þar við götuna er hús nefnt Melgerði. “Á Melgerðisás, litu norðar en barnaheimilið Ártún”-

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 17; SS: Akureyri, 162

“Í Sandgerðisbót bættist við annað íveruhús árið 1902. Hús það mun hafa verið sjóbúð frá Lögmannshlíð sem þá var tekin til íbúðar. Þjó þar í allmörg ár Margrét Hálfánardóttir ... Tóftir Margrétarbæjarins, sem svo var almennt nefndur, sjást enn í Bótinni, norðaustur af Ósi, gamla skólahúsinu.” Sjá einnig 042.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 18, 23; BE1990, 691; SS 1993, 92

Ey-294:005 heimild um fjárhús 65°41.344N 18°07.261V
“Nýhúsaklöpp heitir vestan við gamla þjóðveginn, þar sem fjárhús voru áður við heimreiðina” Ekki er ljóst nákvæmlega hvar þessi staður er, sennilega sunnan og vestan við Hvammshlíð 4-6 þar sem nú eru hús og garðar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ak

Ey-294:006 *Selið* örnefni sel 65°41.127N 18°07.652V
“Suður undir merkjum Rangárvalla er hóll sem nefndur er Selið” “Sel (B.sel) [...] virðist hafa verið nál. Glerá, ekki langt frá B.gerði, og rétt við merkin að sunnan. ekki kunnugt um minjar þar” Merkihvammur er milli Hlíðarbrautarinnar og Gleránnar sunnan við syðstu byggð austan við Hlíðarbrautina. Greinilegur hvammur og búið að gróðursetja mikið af trjám í honum. Suður af hvamminum er stór og greinilegur hóll með einum steini ofan á en ekki sjást fornleifar þar. Sléttur grösugur hóll.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ak.; HH

Ey-294:007 *Byrgi* heimild um bústað 65°41.638N 18°06.048V
“Byrgi var byggt vorið 1898 af Kristjáni Kristjánssyni og bjó hann þar ásamt konu sinni Helgu Þorlákssdóttur til ársins 1914. Fékk hann á leigu 50 ferfaðma spildu til jarðræktar og svarðarland er nam 60-70 hestburðum árlega, en aðeins til eigin nota. ... Byrgi er rétt upp af Sandgerðisbótinni og þar er enn hús með sama nafni.” Það er þar enn. Tekið var fram í leigusamningi Kristjáns að honum væri óheimilt að selja svörðinn, eða farga á annan hátt, og ekki mátti hann taka skepnur í hagagöngu

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 18

Ey-294:008 *Sandgerði* heimild um bústað 65°41.649N 18°06.548V
“Árið 1899 er byggt býli er nefndist Sandgerði. Jón Kristjánsson og Margrét Halldórsdóttir fluttu sig frá Vatnsleysu í Kræklingahlíð og byggðu í brekkunni upp af Sandgerðisbótinni, ef til vill á þeim slóðum sem hið gamla Sandgerði var, sem nefnt er í Jarðabókinni ... Þarna stendur enn hús með sama nafni.” Húsið Sandgerði er austan við Krossanesbrautina.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Ey-294:009 *Brautarholt* heimild um bústað 65°41.530N 18°06.332V
“Brautarholt var byggt aldamótaárið. Jóhannes Jóhannesson og Sigríður Erlendsdóttir sem verið höfðu í húsmennsku í Bandagerði um skeið, fengu leigða

lóð undir bæ ... Brautarholtsbærinn stóð upphaflega aðeins austar og lítið eitt norðar en steinhúsið er síðar var byggt og er nú Stórholt 12. Þar er nú ósléttur og þýfður bali." Gætu vel leynst tóftir undir grasinu og allt er á kafi í gróðri á svæðinu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárporp, 19

Ey-294:010 *Hengingarklökk* örnefni aftökustaður

65°41.697N 18°06.305V

"Hengingarklökk er smáklettur, sunnan og ofan við Sandgerði." Klettabelti er meðfram allri Bótinni en samkvæmt korti var Hengingarklauf austan við Ós. Þar var rof inn í klökkina en það er nú horfið.

Heimildir: HH

Ey-294:011 *Stekkjarás* örnefni stekkur 65°41.485N 18°06.899V

"Stekkjarás heitir ásinn, sem býlið Melgerði [003] var reist á, síðan oftast nefndur Melgerðisás." Melgerði stendur við Háuhlíð og er ásinn um 500 metra norðvestur af Glerárskóla á grýttum ás.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: HH

Ey-294:012 *Glerárbakki* heimild um bústað 65°41.327N 18°06.362V

"Fram að þessa höfðu öll býlin í Glerárporpi, nema Melgerðið, verið byggð hið næsta Sandgerðisbótinni, en árið 1902 byggðu Friðrik Einarsson og Helga Jóhannesdóttir bæ suður við Glerána og nefndu Glerárbakka. Síðar, þegar byggt var upp á Glerárbakka var húsið flutt töluvert nær ánni og er það nú nr. 3 við Skarðshlíð." Torfbærinn hefur verið skammt norðan við Skarðshlíð 3-5. Á ljósmynd má sjá að torfhús var þar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárporp, 19; Ljósmynd H2-426

Ey-294:013 *Lyngholt* heimild um bústað 65°41.405N 18°06.238V

"Þar er fyrst til að nefna Lyngholt. Samkvæmt bókun hreppsnefndar frá 18. Febrúar 1903 fær Aðalsteinn Hallgrímsson á Mýrarlóni leyfi til þurrabúðarbyggingar og byggir hann Lyngholt það sumar. Aðalsteinn lést árið 1914, en ekkja hans Kristbjörg Þorsteinsdóttir bjó í Lyngholti langan aldur með börnum sínum. Lyngholt er nú nr. 10 við samnefnda götu, en upphaflegi bærinn stóð smáspöl norðar." Fyrsti bærinn hefur verið milli Lyngholts 10 og 8. Á ljósmynd má sjá að torfhús var þar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárporp, 19; Ljósmynd H2-426

Ey-294:014 *Árgerði* heimild um bústað 65°41.216N 18°06.628V

"Ólafur Þorsteinsson húsmáður á Hrappsstöðum fær þá aðsetursleyfi og byggir býlið Árgerði. Gamla Árgerði stóð nokkuð sunnar, nær ánni, en núverandi hús með sama nafni." Sennilega suðaustan við Lönguhlíð 5-9. Á ljósmynd má sjá að þarna var torfbær.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 21-22; Ljósmynd H2-426

Ey-294:015 *Árnes* heimild um bústað 65°41.358N 18°06.621V
“Kristján Ívarsson og kona hans Guðrún Jóhannesdóttir byggðu Árnes, en Valdimar Þorláksson, sem var ókvæntur og bjó með foreldrum sínum, hann byggði Svalbarða. Bæði þessi býli eru nú horfin, húsin voru rifin skömmu fyrir 1960, en þau stóðu skammt sunnan Höfðahlíðar. Svalbarð stóð á þeim slóðum sem fjölbýlishúsið Skarðshlíð 14-18 stendur, en Árnes var nokkru vestar, eða þar sem Skarðshlíðin, gatan, liggur nú.” Árnes hefur sennilega verið rétt sunnan við Höfðahlíð 5 eða 3. Á ljósmynd má sjá að að minsta kosti hlutar hússins voru úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 21-22; Ljósmynd H2-426

Ey-294:016 *Svalbarð* heimild um bústað 65°41.456N 18°06.465V
“Kristján Ívarsson og kona hans Guðrún Jóhannesdóttir byggðu Árnes, en Valdimar Þorláksson, sem var ókvæntur og bjó með foreldrum sínum, hann byggði Svalbarða. Bæði þessi býli eru nú horfin, húsin voru rifin skömmu fyrir 1960, en þau stóðu skammt sunnan Höfðahlíðar. Svalbarð stóð á þeim slóðum sem fjölbýlishúsið Skarðshlíð 14-18 stendur, en Árnes var nokkru vestar, eða þar sem Skarðshlíðin, gatan, liggur nú.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 21-22

Ey-294:017 *Hvoll* heimild um bústað 65°41.665N 18°06.453V
“Hvoll var byggður árið 1905. Á fundi hreppnefndarinnar 22. mars það ár var Jakobi Sigurgeirssyni frá Rauðhúsum veitt leyfi til að byggja þurrabúð. Jakob og kona hans Pálína Einarsdóttir höfðu þá verið í húsmennsku í Melstað um tveggja ára skeið. Hvoll er nú Stafholt 10.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 22

Ey-294:018 *Brekka* heimild um bústað 65°41.628N 18°06.527V
“Brekka, nú Stafholt 16. Ólafur Jakobsson á Varðgjá fékk húsmennskuleyfi í hreppnum árið 1906, en fyrstu árin voru hann og kona hans, Kristbjörg Jónsdóttir til húsa á rishæðinni í Melstað. Brekku munu þau hafa byggt 1908.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 26

Ey-294:019 *Jaðar* heimild um bústað 65°41.494N 18°06.308V

“Jaðar, nú Stórholt 8. Friðrik Friðriksson og Helga Jóhannesdóttir, sem byggðu að Glerárbakka, byggðu Jaðar árið 1908.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 26

Ey-294:020 *Kristnes* heimild um bústað 65°41.420N 18°06.122V

“Kristnes, nú Lyngholt 13. Upphaflega húsið í Kristnesi var yfirbygging, eða hluti yfirbyggingar af norsku skipi sem dregið hafði verið upp í fjöruna í Sandgerðisbót. Var húsið jafnan nefnt “Káetan” í daglegu tali. Kristján Kristjánsson og Jakobína Sveinbjarnardóttir, er síðar bjuggu að Gásam, eru nefnd á manntali í Kristnesi árið 1908.” Á ljósmynd er ekki að sjá annað en hluti þessa húss sé úr torfi

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 26; Ljósmynd H2-426

Ey-294:021 *Hjarðarholt* heimild um bústað 65°41.560N 18°06.884V

“Hjarðarholt er fyrst nefnt 1909, þá kallað Nýbýli. Jakob Guðmundsson og Þórkatla Jónsdóttir bjuggu þar um langan aldur. Hjarðarholt stendur enn, en upphaflegi bærinn stóð töluvert austar, undir brekkunni, þar sem Skarðshlíðin liggur nú.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 26

Ey-294:022 *Ásbyrgi* heimild um bústað 65°41.533N 18°06.855V

“Ásbyrgi er fyrst nefnt árið 1913, þá bjuggu þar Jónas Jóhannsson og Guðrún Gunnlaugsdóttir, Þorvaldssonar frá Glerárholti. Ásbyrgi heitir svo en, en hefur verið endurbyggt.” Við mörk Háuhlíðar og Skarðshlíðar. Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið byggð úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 26

Ey-294:023 *Ás* heimild um bústað 65°41.608N 18°06.860V

“Ás, þar stendur enn hús með sama nafni. Jón Gunnlaugsson, bróðir Guðrúnar í Ásbyrgi og kona hans, Ingibjörg Sigurjónsson byggðu Ás árið 1914.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi. Húsið stendur við Hörgárbautina, sunnan við Shellnestið.

Heimildir: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 26

Ey-294:024 *Melbrekka* heimild um bústað 65°41.368N 18°06.618V

“Melbrekka. Friðrik Einarsson og Helga Jóhannsdóttir, sem byggðu að Glerárbakka og síðar á Jaðri, byggðu Melbrekku árið 1915. Melbrekka var upphaflega torfbær, sem síðar var byggt við, stóð hann rétt suð-vestan við húsið Höfðahlíð 7 og var búið þar fram til 1969.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: LZ: Glerárþorp, 27

Ey-294:025 *Garðshorn* heimild um bústað 65°41.444N 18°06.690V
“Er þar fyrst að nefna Garðshorn, lítin snotran torfbæ, sem stóð í brekkunni vestur af fjölbýlishúsinu Skarðshlíð 23-27. Þar bjuggu Guðjón Jóhannsson og Kristín Hallgrímsdóttir árið 1916 og lengi síðan. Í Garðshorni var búið til ársins 1967.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: LZ: Glerárþorp, 27

Ey-294:026 *Höfði* heimild um bústað 65°41.363N 18°06.743V
“Höfði var all-myndarlegur torfbær sem stóð þar sem nú er húsið Áshlíð 3, var búið þar fram yfir 1950. Andrés Kristjánsson og Guðrún Markúsdóttir byggðu Höfða árið 1916, þau höfðu áður búið í Árgerði um 5 ára skeið.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: LZ: Glerárþorp, 27-28

Ey-294:027 *Móland* heimild um bústað 65°41.498N 18°06.488V
“Móland stóð þar sem Hörgárbrautin liggur nú, rétt sunnan Undirhlíðar, gegnt Veganesti. Það býli byggði Stefán Jónasson skipstjóri árið 1916, handa föður sínum Jónasi Eiríkssyni og bjó hann þar fyrstur manna, ásamt ráðskonu, Sigurbjörgu Friðbjarnardóttur. Í Mólandi var búið fram til ársins 1962.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi. Hnit tekin við verslun Pólaris sem er um 20-30 metra austur af veganesti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: LZ: Glerárþorp, 28

Ey-294:028 *Steinaflatir* heimild um bústað 65°41.359N 18°06.893V
“Steinflatir eru fyrst nefndar á manntali 1916 og eru húsráðendur þá Guðmundur Ólafsson póstur og Anna Jónsdóttir kona hans. Steinflatir voru torfbær sem stóð allt fram um 1960, þar stendur enn hús með sama nafni.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: LZ: Glerárþorp, 28

Ey-294:029 *Hraun* heimild um bústað 65°41.622N 18°06.754V
“Hraun (Sund). Á þeim stað sem nú stendur húsið Hraun var byggður bær árið 1916, var hann á manntali það ár nefndur Sunnuhvoll, en síðan er hann nefndur Sund um skeið, en lengst af hefur húsið verið nefnt Hraun. Árni Jóhannesson og Friðrika Ingvadóttir voru fyrstu húsráðendur á þessum bæ.” Nú Langholt 22b. Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi.

Heimildir: hætta vegna ábúðar
Heimildir: LZ: Glerárþorp, 28

Ey-294:030 *Harðangur* heimild um bústað 65°41.417N 18°06.855V

“Árið 1918 er byggt eitt býli, Harðangur, og stendur þar enn hús með sama nafni á ásnum sunnan og ofan við trjálundinn í Glerárhverfi. Upphaflega húsið að Harðangri var torfbær og fyrstu íbúar þar voru Guðrún Jónsdóttir ekkja og sonur hennar Anton Benjamínsson.” Húsið sem nú stendur þar er frá 1942.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 28

Ey-294:031 *Árbakki* heimild um bústað 65°41.214N 18°06.800V
“Árbakki er nú Langahlíð 11. Þar voru fyrstu húsráðendur Pálmi Gíslason og Sigrún Sigurðardóttir.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 28

Ey-294:032 *Steinholt* heimild um bústað 65°41.665N 18°06.663V
Steinholt er nú nr. 12 við Þverholt. Upphaflega var þar torfbær og árið 1918 bjó þar Helga Þorlákssdóttir ekkja eftir Kristján Kristjánsson, sem byggði fyrst í Byrgi, bjó hún með börnum sínum, Stefáni og Guðrúnu síðar húsfreyju í Hvoli.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 29

Ey-294:033 *Viðarholt* heimild um bústað 65°41.461N 18°06.593V
“Viðarholt. Eins og frá er greint í landamerkjalyýsingu Bandagerðis ..., þá var holtið út og upp af Bandagerði nefnt Viðarholt. Þar, yst í landinu var byggt býli árið 1918, samnefnt holtinu. Fyrstu húsráðendur þar voru Indíana Jóhannsdóttir ekkja eftir Jóhann Gíslason í Glerárholti og seinni maður hennar Kristján Þorláksson.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 29

Ey-294:034 *Holtakot* heimild um bústað 65°41.608N 18°06.696V
“Holtakot, nú Þverholt 4. Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Margrét Vilhjálmssdóttir byggðu þar árið 1912. Upphaflega húsið var torfbær, en steinhúsið sem nú stendur þar, var byggt árið 1931.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 26

Ey-294:035 *Gil* heimild um bústað 65°41.245N 18°06.777V
“Gil. Þar byggði Emil Petersen og bjó þar fyrstur, ásamt ráðskonu sinni, Guðnýju Jónsdóttur. Þau höfðu áður búið að Gili í Öxnadal og nafn býlisins eflaust þaðan komið. Gil er nú Langahlíð 26, en hefur verið endurbyggt.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 29

Ey-294:036 *Skarð* heimild um bústað 65°41.695N 18°06.784V
“Skarð er einnig nefnt í fyrsta skipti á manntalinu 1922 og er trúlega byggt það ár. Þetta var torfbær sem nú er horfin fyrir allmörgum árum og stóð hann rétt vestan við húsið Langholt 31. Arngrímur Sigurjónsson og Elín Gissurardóttir frá Skjaldarvík voru þar fyrstu húsráðendur.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 30

Ey-294:037 *Litla-Hlíð* heimild um bústað 65°41.374N 18°06.623V
“Litla-Hlíð er nú Höfðahlíð 6. Þar var upphaflega byggt árið 1923 og hét sá Páll Kjartansson er bjó þar fyrstur ásamt ráðskonu, Guðrúnu Hallgrímsdóttur.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 30

Ey-294:038 *Framnes* heimild um bústað 65°41.277N 18°06.669V
“Framnes stóð á svæðinu milli raðhúsanna nr. 5 og 7 við Lönguhlíð. Tryggvi Emilsson og Steinunn Jónsdóttir voru þar fyrstu húsráðendur. Gefur Tryggvi greinagóða lýsingu á byggingu hússins í minningbók sinni Baráttan um brauðið. Í Framnesi var búið fram til ársins 1966.” Byggist upp úr 1925.

Á ljósmynd sést að húsið var torfhús. “hófst ég [Tryggvi Emilsson] handa án tafar, keypti mér malarreku og haka og gróf fyrir grunnni að steinhúsi, af engum lattur eða hvattur. Ekki þurfti að grafa djúps þar sem húsið var byggt á hörðum mel en mölin, sem ég mokaði upp úr grunninum, var svo hrein steypumöl að hún var mér gulls ígildi. ... utanmál á húsinu reyndust 40 metrar. Glugga varð ég að kaupa og eldavélaboru sem ég tengdi sem fyrst við skorsteininn sem teygði sig upp úr þaki í miðju húsi. Helming hússins gat ég þiljað innan og voru það tvær stofur, 6 fermetra hvor ... Svo byggði ég fjósið úr tvöföldu timbri með svarðartróði á milli og hafði innangengt um bakdyrnar á steinhúsinu, þetta var gott fjós með flór og glugga og jötu og timburbás.”

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 30; Tryggvi Emilsson: *Baráttan um brauðið*, 100-107

Ey-294:039 *Bergstaðir* heimild um bústað 65°41.441N 18°06.321V
“Bergsstaðir, nú Lyngholt 4. Þar var byggt árið 1926. Soffía Stefánsdóttir ekkja Sigurðar Sigurðssonar bókbindara á Akureyri og systir hennar Sesselja Hansen ekkja eftir Hans Hansen verksmiðjustjóra á Dagverðareyri, eru nefndar fyrstu húsráðendur á Bergsstöðum en Halldór Eiríksson, seinni maður Soffíu, mun hafa byggt húsið.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 30-31

Ey-294:040 *Hátún* heimild um bústað 65°41.370N 18°06.615V
“Hátún, nú Höfðahlíð 4, var einnig byggt árið 1926 og húsráðendur þar voru Gísli Friðfinnsson og Rannveig Pálsdóttir Pálsdóttir. Gísli var frá Hátúni í Hörgárdal og mun nafn hússins eflaust þaðan komið.” Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 31

Ey-294:041 *Skútar* heimild um bústað 65°41.569N 18°06.968V
“Skútar voru byggðir sama ár. Halldór Halldórsson frá Skútum á Þelamörk og kona hans Margrét Magnúsdóttir eru þar fyrstu húsbændur. Að Skútum stendur enn hús með sama nafni.” Við gönguljósið yfir Hörgárbrautina, suðaustan við Íþróttasvæði Þórs. Ekki er vitað hvort þarna var byggt torfhús fyrst þó líkur bendi til að flest hús byggð fyrir 1930 hafi verið úr torfi

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: LZ: Glerárþorp, 31

Ey-294:042 *Sandgerði* heimild um bústað 65°41.700N 18°06.318V
1712: “Kríugerði og Sandgerði heita tvennar litlar girðingar í landinu, skammt frá hinu eyðibólinu [Bandagerði]. Ekki ætla menn að þar hafi nokkurn tíma byggð verið, því girðingarnar eru so litlar að það svarar ekki túnstæði, og má ekki heldur byggð setja fyrir heyskaparleysi” - “mun hafa staðið niður við sjóinn við samnefnda vík eða bót. Er þar enn hús með því nafni” Býlið byggðist upphaflega út úr Lögmannshlíðarlandi. Hnit tekin um 10 metra NA af Ósi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 200., HH

Ey-294:043 *Kríugerði* heimild um bústað 65°41.682N 18°06.186V
1712: “Kríugerði og Sandgerði heita tvennar litlar girðingar í landinu, skammt frá hinu eyðibólinu [Bandagerði]. Ekki ætla menn að þar hafi nokkurn tíma byggð verið, því girðingarnar eru so litlar að það svarar ekki túnstæði, og má ekki heldur byggð setja fyrir heyskaparleysi” - “talið er að það hafi staðið þar sem nú er húsið Sjónarhóll við Hörgárbraut” Býlið byggðist upphaflega út úr Lögmannshlíðarlandi. Hnit tekin við Sjónarhól.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: JÁM X, 200., HH

Ey-295 **Tittlingur**

Hjáleiga frá Lögmannshlíð á 10 hdr. 1712. Byggt fyrir manna minni sunnarlega í heimatúninu, afdeilt einasta að túni og engjum” Nafni bæjarins var breytt í Hlíðarenda 1925. 1918: 2.4 teigar. 1/4 slétt. Garðar 145 ferstiklur.

Heimildamaður: Baldur Halldórsson fæddur 15. janúar árið 1924 kom að Tittlingi árið 1951.

Ey-295:001 *Tittlingur* bæjarhóll bústaður 65°40.468N 18°09.757V
Bærinn var þar sem núverandi steyppt íbúðarhús er, um 130 metra norður af Hlíðarfjallsveginum. Fram af húsinu er brekka en hóllinn hefur verið eyðilagður og ýtt upp því að vestan við húsið er einnig brekka þannig að sléttað hefur verið úr hólnum, og ýtt upp og niður brekkurnar.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-295:002 heimild um fjós 65°40.472N 18°09.849V
Fjós var 20 metra suðvestur af bæjarhólnum, 001, 10 metra austur af heimreiðinni. Í gróinni brekku þar sem búið er að gróðursetja mikið af trjám.

Hættumat: mikil hætta vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-295:003 þúst fjárhús 65°40.474N 18°09.691V
Fjárhús var 80 metra suðaustur af bæjarhólnum 001, 20 metra norður af Hlíðarfjallsveginum og er þar þúst sem sýnir hvar húsið var 7x4 að þvermáli. Þústin er mjög vel gróin og er þetta í grasbala sem eitt sinn hefur verið tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

Ey-295:004 *Uppsafir* heimild um bústað 65°40.509N 18°09.140V
“Fyrir ofan bæinn eru bæjarrústir, er heita Uppsafir” Uppsafir voru um 200 metra vestur af bæjarhólnum, 001, rétt við gömul útihús úr bárujárnri en ábúandi sléttaði tóftirnar og tók mól úr hólnum þannig að hann er algerlega horfin og komin gryfja í staðin. Fornleifar í engri hattu því þær eru algerlega horfnar. Baldur sagðist hafa heyrt að útihúsatóftir frá Uppsölum hafi verið á túbala suður og upp af bæjartóftunum en búið var að slétta út þeim áður en hann flutti á jörðina.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ak; HH


Ey-295:005 *Vörðuhóll* örnefni 65°40.320N 18°09.994V
Samkvæmt Örnefnakorti heitir strýtumyndaður hóll norðvestan við Hlíðarfjallsvegin um 150 m suðvestan við afleggjarann heim að Hlíðarenda, Vörðuhóll. Ekki er varða á hólnum, en einn stór stakur steinn er suðaustan í honum.

Heimildir: SS: Akureyri (Örnefnakort), 223

Ey-296 **Glerá (Neðri-Glerá)**

10 hdr. 1712, þá voru tveir bæir innangarða ... og kallast réttu bæjarnafninu báðir bæirnir. 30 hdr. sá stærri og 10 hdr. sá minni. Getið í Landnámu og Grettissögu.

1525 er Á í Kræklingahlíð meðal Hólakirkjujarða - DI IX, 301. 25.12.1550 er Á í Kræklingahlíð, 40 hdr, meðal þeirra Hólakirkjujarða sem Jón Arason hafði burt lógað - DI XI, 873, sbr. 1552, DI XII, 460. 26.1.1624 beiðist Jón Sigurðsson dóms á því, hvort nokkur ætti lagasvari fyrir að halda um þá tvo parta í Á í Kræklingahlíð, sem Guðbrandur biskup hefði án dóms að sér tekið í nafni Hólakirkjueignar. Jón er dæmt að halda fyrrgreinda jörð, Á, vegna Hlíðarkirkju - Jarðabréf, 221. Á talin 40 hdr kirkjujörð Lögmanshlíðarkirkju - Jarðabréf, 222. 1847 Efri Glerá 20 hdr ,



10. Kort. Glerá og Tittlingur

Neðri Glerá 10 hdr. Lögmannshlíðarkirkjueign. Á Neðri-Glerá hefur ekki verið
búið sérstaklega síðan á 19. öld.

Heimildamaður: Baldur Halldórsson fæddur 15. janúar árið 1924.

Ey-296:001 *Neðri Glerá* bæjarhóll bústaður 65°40.413N 18°09.397V
“Tóftirnar af Neðri-Glerá voru neðan við Hlaðbrekkuna í Glerá” Baldur
Halldórsson í Hlíðarenda greindi skrásetjara frá því að hann hefði heyrt að bærinn
hefði verið á stórum hól sem er austan og sunnan við gamla túnið en þar er nú
malarnám og allar minjar horfnar vegna þess.

Hættumat: mikil hætta vegna malarnáms

Heimildir: Ö-Ak.

Ey-297 Glerá (Efri-Glerá)

30 hdr. 1712, þá voru tveir bæir innangarða ... og kallast réttu bæjarnafninu báðir
bæirnir. 30 hdr. sá stærri og 10 hdr. sá minni. Lögmannshlíðarkirkjueign. Getið í
Landnámu og Grettissögu. 24.5.1486 er dæmt að Eiríkur Loftsson hafi átt Á og að
Sveinn Sumarliðason sé réttur erfingi hans. - DI VI, 569-72. 1525 er Á í
Kræklingahlíð meðal Hólakirkjujarða - DI IX, 301. 25.12.1550 er Á í
Kræklingahlíð, 40 hdr, meðal þeirra Hólakirkjujarða sem Jón Arason hafði burt
lógað - DI XI, 873, sbr. 1552, DI XII, 460. 26.1.1624 beiðist Jón Sigurðsson dóms
á því, hvort nokkur ætti lagasvari fyrir að halda um þá tvo parta í Á í
Kræklingahlíð, sem Guðbrandur biskup hefði án dóms að sér tekið í nafni
Hólakirkjueignar. Jóni er dæmt að halda fyrrgreinda jörð, Á, vegna Hlíðarkirkju -
Jarðabréf, 221. Á talin 40 hdr kirkjujörð Lögmannshlíðarkirkju - Jarðabréf, 222.
1847 Efri Glerá 20 hdr, Neðri Glerá 10 hdr. Glerárdal framan Heimara-Illagils var
óskipt beitiland Glerábæjanna og Lögmannshlíðar. Búskap lauk 1972 og hafði
verið aðeins einn bær á 20. öld. 1918: 8.7 teigar. 2/3 slétt. Garðar 613 ferstiklur.

Ey-297:001 *Efri Glerá* bæjarhóll bústaður 65°40.408N 18°09.538V
Bæjarhóllinn hefur verið við V-enda vegarslóðans sem nú sést greinilega samhliða
Hlíðarfjallsveginum sunnan við hann um 50 metra NA af núverandi íbúðarhúsi á
Glerá í sléttu túni.

Hættumat: mikil hætta vegna malarnáms

Heimildir: Túnakort 1918

Ey-297:002 heimild um útihús 65°40.407N 18°09.456V
44m NV af bæjarhólnum 001, er áberandi grænn blettur í túninu og samkvæmt
túnakorti hefur þar verið útihús. Þessi staður er 20 metra N af gamla vegaslóðanum
heim að bænum í sléttu túni.

Hættumat: mikil hætta vegna malarnáms

Heimildir: Túnakort 1918

Ey-297:003 heimild um útihús 65°40.334N 18°09.542V
Útihús var um 80 metra SV af bæjarhólnum. Þar, um 20 metra N af girðingunni, er hár grösugur hóll og er líklegt að húsið hafi staðið þar í sléttu túni.

Hættumat: mikil hætta vegna malarnám

Heimildir: Túnakort 1918

Ey-297:004 *Kirkjuhóll* örnefni legstaður 65°40.322N 18°09.540V
“...Kirkjuhóll hryggmyndaður niður af fjárhúsum suður og upp af bænum. Þarna eru leifar af gömlum kirkjugarði” Ö-Ak. H.H. vitnar í J.Ól. “það hafa menn fyrir satt að kirkja hafi þar staðið snemma á öldum. Munnmæli herma að hún hafi fokið í ofviðri ...” Samkvæmt Örnefnakorti er Kirkjuhóllinn hryggmyndaður hóll N af Sveinshúsum, það er milli þeirra og núverandi bæjarhúsa. Nú er búið að skemma hóllinn, hluti af honum er horfin í malarnám

Heimildir: mikil hætta vegna malarnáms

Heimildir: Ö-Ak; H.H; SS: Akureyri (Örnefnakort), 223

Ey-297:005 *Akrabrekkur* 65°40.373N 18°09.920V
“...næst ofan við Stekkjarhvamminn eru Akrabrekkur með fornum garðlögum” Um 35 metra V af 006 gætu verið leifar af garði en malarnáman nær alveg að brúninni þannig að ekki er ljóst hvort þetta eru leifar af garðinum eða náttúrulegur hryggur. Brattur hvammur við Glerána milli hennar og malarnáunnar.

Hættumat: mikil hætta vegna malarnáms

Heimildir: Ö-Ak; ; SS: Akureyri (Örnefnakort), 223


Ey-297:006 *Glerárstekkur* heimild um stekk 65°40.355N 18°09.897V
“neðan við tún á Glerá ... var Glerárstekkur í svon. Stekkjarmó (neðst í Glerárhólum), en er nú horfinn undir malarnám.” Stekkjarmórin er merktur inn á Örnefnakortið en landslag er nú allt gerbreytt vegna malarnámsins. Hnit tekin um 200 m NV af hitaveituhúsinu sunnan við ána, um 10 metra frá 011.

Hættumat: mikil hætta vegna malarnáms

Heimildir: H.H. ; SS: Akureyri (Örnefnakort), 223

Ey-297:007 *Glerárbeitarhús* beitarhúsatóft 65°39.680N 18°10.650V

“ ... voru syðst á Glerármelum (við Glerárgil) , þar sem gamli vegurinn að Hótelinu beygði upp frá Glerárdalsvegi. Hefur tóttunum verið raskað af vegagerð.” Tóftin er 5 m austur af afleggjaranum frá Glerárdalsveginum upp á Skíðahótelveginn, um 45 metra suðvestur af hliðinu á Glerárdalsvegurinn. Þýfður mói, nokkuð blautur norðan við tóftina, og er stórgrýti í kring.



Tóftin er heldur óglögg, þýfð og svo eru steinar í henni sem ekki eru hleðslugrjót, gætu hafa komið við vegagerðina. Tóftin er 2x4 m að innanmáli og 6x5 m að utanmáli og hleðsluhæðin er 0,5 m. Gardur gengur út úr A vegg tóftarinnar og er hann 13-15 m langur.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: H.H

Ey-297:008 *Heimari hús* heimild um beitarhús

“Neðar [en Útgarður] við lækinn (Sellæk) eru enn tóttir, Heimari hús, gömul beitarhús frá Glerá.” Engin önnur tóft en 007 er við þennan læk, og því eru þetta líklega sömu beitarhúsin.

Heimildir: Ö-Ak



11. kort. Fornleifar í Glerárdal


Ey-297:009 *Glerárrétt réttartóft*

65°39.499N 18°07.982V

Glerárrétt er á vesturbakka Glerárinnar á eyrunum sunnan brúarinnar SV af Mól og Sandi á þýfðum og grýttum vallendisbakka. Greinileg ummerki eftir réttina eru við bakkann þó einhverjir hlutar hennar séu eflaust horfnir. Tvö hólf eru greinileg: að norðanverðu er eitt hólf, en ekki er greinilegt hvar hefur verið op á því. Sunnan við það eru ógreinilegar leifar annars hólfis og syðst í því eru leifar af millivegg sem hefur skipt því í tvennt.

Hættumat: hætta vegna vatnsaga

Heimildir: SS; Akureyri, 89



Ey-297:010 *Torfdalur* örnefni rista $65^{\circ}40.024N$ $18^{\circ}09.948V$
 “Suður og upp af Kirkjuhól (suður og upp af bænum) er Sveinshúsaóll langur og mjór, gróinn að norðan en ógróinn melur að sunnan. Suður og upp af honum utan túns gengur Torfdalur.” Á Örnefnakorti er Torfdalur merktur inn sem dalverpi sem liggur N-S samhliða veginum suður Glerárdalinn. Grösugt dalverpi og er lækur í botninum.

Heimildir: Ö-Ak utan Glerár, 18; SS: Akureyri (Örnefnakort), 223

Ey-297:011 *Svarðarhvammur* örnefni mógrafir $65^{\circ}40.434N$ $18^{\circ}08.873V$
 Á Örnefnakorti er Svarðarhvammur næsti hvammur rétt suður af Stekkjarhvamminum, en þar er nú allt landslag gerbreytt vegna malarnáms.

Hættumat: mikil hætta vegna malarnáms

Heimildir: SS: Akureyri (Örnefnakort), 223

4 kafli. Verndun og kynning fornleifa

Bæjarhólar

Sumarið 1998 voru skráðir 11 bæjarhólar norðan Glerár. Nokkrir bæjarhólanna eru nokkuð vel varðveittir þó mannvistaleifar þeirra séu sennilega eitthvað skemmdar og má í því sambandi nefna Kífsá, Hrappsstaði og Mýrarlón. Aftur á móti eru bæjarhólar í Lögmannshlíð og Kollugerði frekar vel varðveittir og þó síðari tíma hús hafi staðið á þeim er nú búið að rífa þau og hólarnir mjög greinilegir, séstaklega í Lögmannshlíð. Bæjarhóllinn í Kollugerði stendur mjög nærri vestustu byggð Giljahverfis og verður að gera ráðstafanir svo að ekki verði sléttað úr hólum og byggt yfir hann. Á báðum Glerárbæjunum, Bandagerði, Tittlingi og Rangárvöllum

eru bæjarhólarnir horfnir og sennilega lítið eftir af mannvistarleifum þar sem þeir voru.

Útihús

Alls voru skráð 31 útihús og þar af eru 19 sem ekki er vitað nákvæmlega hvaða hlutverki gegndu. Í landi Hrappsstaða eru uppistandandi 2 hesthús sem eru að hluta til úr torfi og þarf að hyggja að varðveislu þeirra. Í landi Kífsár er heilleg fjárhústóft og í landi Lögmanshlíðar eru tvær óglöggar útihúsatóftir.

Beitarhús og sel

Skráðar eru heimildir um 4 sel og 4 beitarhús og eru flest þeirra eða 6 á Glerárdalnum. Heimild er fyrir seli í fjallinu fyrir ofan Hrappsstaði en sú tóft fannst ekki. Hraukbæjarsel var í Hlíðarfjalli en minjar um það eru horfnar og heimildir greina frá öðru seli í Byrgishvömmum sem ekki fannst heldur en greinileg tóft er af Hlíðarbeitarhúsum og þúst eftir Fosshúsin á dalnum. Örnefnið Selið er við merki Rangárvalla og Bandagerðis en þar eru engar tóftir. Heimildir greina frá tveimur beitarhúsum í landi Glerár en aðeins fannst ein tóft og líklegt að aðeins ein beitarhús hafi verið þar.

Stekkir og kvíar

4 stekkir og 2 kvíar voru skráðar í þessum áfanga skráningarinnar. Engar tóftir af kvíum fundust og í báðum tilfellum eru hólar sem heita Kvíahólar en engar vísbendingar aðrar en nöfnin eru fyrir kvíum á þeim. Stekkjartóftir eru á Kífsá og Hesjuvöllum en Glerárstekkur er horfinn í malarnám og örnenfið Stekkjarás er eina vísbendingin um stekk í landi Lögmanshlíðar (hjá Bandagerði).

Bústaðir

Alls voru skráðir 40 bústaðir utan bæjarhólanna. Grænhóll er 19. aldar býli sem enn er búið á og byggðist það úr landi Mýrarlóns en þar eru engar tóftir. Þá eru Sandgerði og Krúgerði sem greinir frá í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín og Uppsafir sem voru bæjartóftir vestan Tittlings sem nýlega hafa verið eyðilagðar vegna malarnáms. Ekki er vitað hvenær búið var á þessum stöðum og voru bæði Sandgerði og Krúgerði í eyði er jarðabókin var gerð 1712. Aðrir bústaðir tilheyra gamla Glerárþorpinu sem byrjaði að byggjast upp í kringum aldamótin 1900. Öll býli sem vitneskja er um að hafi upprunalega verið torfhús skráð en einnig voru öll hús skráð sem byggð voru fyrir 1930 ef ekki var ljóst hvort þau voru torfhús eða ekki þar sem flest voru upprunalega úr slíkum efnivið.

Mjög lítið af sýnilegur fornleifum er á skráningarsvæðinu norðan Glerár, en hér á eftir fylgir listi yfir þá staði sem sérstaklega þarf af gefa gaum og varðveita.

a). Bæjarhóllinn í Kollugerði hefur ótvírætt varðveislugildi og er í mikilli hættu sökum nálægðar við byggð, og þarf strax að gera ráðstafanir til þess að ekki verið byggt yfir leifar býlisins.

b). Miklar herminjar í landi Hrappsstaða þarf að varðveita því þær hafa mikið kynningargildi sem og varðveislugildi sem einu sjáanlegu menjar eftir herinn á skráningarsvæðinu þrátt fyrir að þar hafi verið braggasvæði á fjórum öðrum stöðum.

c). Sökum þess hve fáar tóftir eru á svæðinu er þess virði að varðveita fjárhústóftina á Kífsá því hún hefur kynningargildi.

d). Stekkjartóftin á Kífsá hefur einnig kynningar og varðveislugildi aðallega sökum þess hve fáar tóftir eru sýnilegar.

e). Bæjarhóllinn í Lögmanshlíð verður að varðveita því hann hefur ótvírætt varðveislugildi.

f). Dómhringarnir í Lögmannshlíð eru friðlýstar fornleifar og hafa mikið rannsóknargildi enda er ekki er ljóst hvaða tilgangi þeir þjónuðu.

g). Tóft Hlíðarstarhúsa hefur kynningargildi sem heillegasta beitarhúsatóftin á skráningarsvæðinu.

5. kafli. Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Héraðsskjalasafn Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsýslu

Lárus Thorarensen: Örnefni (í landi Akureyrar) (1947) - G.40/15.

Jón Friðfinnsson: Örnefni kringum Akureyri (1948) G.40/15a.

Örnefnabók I-III. Akureyri (ljósrituð spjaldskrá)

Sýslumannsembættið á Akureyri

Landamerkjabók I-II

Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri

- Mappa með leiðréttingum við örnefnalýsingar og bréfaskiptum vegna þeirra

- Mappa með loftmyndum af Eyjafirði frá 1960, með örnefnum merktum

inná af Helga Hallgrímssyni

Minjasafnið á Akureyri

HH: Söguminjaskrá, Eyjafjarðarsýsla (e. Helga Hallgrímsson)

Ljósmynd H2-426

Heimildamenn:

Baldur Halldórsson fæddur 15. janúar árið 1924

Bergrós Sigríður Höskuldsdóttir fædd 10 janúar árið 1936.

Guðný Kristjánsdóttir fædd 3. janúar árið 1922

Jón Víkingur Guðmundsson fæddur 29. maí 1924

Prentaðar heimildir:

Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson (1995): *Fornleifar og ferðamál í Eyjafirði: Rannsóknir og kynning á Gásakaupstað*,

Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, FS009-95061, Akureyri.

Adolf Friðriksson, Birna Gunnarsdóttir og Orri Vésteinsson (1995):

Fornleifaskráning á Akureyri. Greinargerð um stefnu, aðferðir og framkvæmd, Minjasafnið á Akureyri - Fornleifastofnun Íslands, FS010-95081, Akureyri.

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1996): *Fornleifaskráning í Eyjafirði VI:*

Fornleifar í landi Nausta, Hamra og Kjarna, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, FS010-95023, Akureyri.

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1996): *Fornleifaskráning í Eyjafirði VII:*

Deiliskráning í Krossaneshaga, Minjasafnið á Akureyri & Fornleifastofnun Íslands, FS017 - 95024, Akureyri.

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1997): *Fornleifar á Akureyri. Stefna um*

friðun, rannsóknir og kynningu, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, FS035-95026, Akureyri.

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1997): *Fornleifaskráning í Eyjafirði VIII.*

Fornleifaskráning í landi Stóra-Eyralands og Kotár, Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands FS034-95025, Akureyri

AÍ: *Alþingisbækur Íslands I-XVII*, Rv. 1912-1990.

BE: *Byggðir Eyjafjarðar I-II*, Akureyri 1973.

BE 1990: *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, II bindi, Akureyri 1993.

- Birna Gunnarsdóttir (1995): *Fornleifaskráning í Eyjafirði IV: Deiliskráning Naustahverfis*, Fornleifastofnun Íslands & Minjasafnið á Akureyri, FS004-95021, Akureyri.
- DI:** *Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.
- FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Rv. Guðmundur Ólafsson: “Dómhringar” í landi Lögmanshlíðar” *Sútur* XI árg. Akureyri 1982.
- ÍF:** *Íslenzk fornrit I-*, Reykjavík 1993-.
- J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, X. Eyjafjarðarsýsla, Kaupmannahöfn 1943.
- Jón Hjaltason (1991)*Hernámsárin á Akureyri og Eyjafirði*, Akureyri.
- KK:** Kálund, P. E. K. (1984-1986) *Íslenskir sögustaðir I-IV*, Reykjavík.
- LZ:** Lárus Zophaníasson “Glerárþorp: 100 ára byggð“ Sérpr. úr Súlum Akureyri 1980.
- SSE:** *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854*, (Eyfirk fræði II), Akureyri 1972.
- SSE I-II:** Hjörtur Þórarinnsson: *Saga sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu 1874-1989*, 2 bindi, Akureyri 1993.
- Steindór Steindórsson: *Akureyri. Höfuðborg hins bjarta norðurs*, Reykjavík, 1993.
- Steindór Steindórsson: “Eyjafjörður. Leiðir og lýsingar” *Árbók Ferðafélags Íslands* 1938.
- SturlR:** *Sturlunga saga I-II*, Reykjavík 1949.
- Tryggvi Emilsson: *Baráttan um brauðið. Æviminningar* II bindi Reykjavík 1977
- Tryggvi Þorsteinsson: ‘Nokkur örnefni í landi Akureyrar.’ *Ferðir* 18 (1959): 16-22.
- Ö-Ak:** *Örnefni í Akureyrarlandi*, Steindór Steindórsson tók saman, Akureyri 1987.